

**SKOÐUN** Konur eru hlunnfarnar um tugi milljóna á starfsævi sinni, skrifa Heiða Björg og Margrét Lind. 14



**MENNING** Þorsteinn Jakobsson göngugarpur gengur á fjöll og skrifar bókina Íslensk bæjarfjöll. 30



**SPORT** Vanda Sigurgeirsdóttir lýsir Eddu Garðarsdóttur sem drottningunni á miðjunni. 26







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Þriðjudagur
17. september 2013
218. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



**Fimm mínútur á Esju**
Skipulagsráð Reykjavíkur segir að breyta þurfi skipulagi áður en ferðir upp á Esju í kláfi verða að veruleika. Leit er hafin að fjárfestum vegna verkefnisins. 2

**Ekkert samráð við fagstéttir** Fyrirhugaðar breytingar á lyflæknasviði Landspítalans hafa ekki verið ræddar við hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða. 4

**Ref fjölgar** Byggð á höfuðborgarsvæðinu hefur færst nær heimkynnum refsins í Heiðmörk. 6

**Fíknefnaakstursslysum fækkar**
Slys þar sem akstur undir áhrifum fíkniefna kemur við sögu eru helmingi færri fyrstu átta mánuði ársins en meðaltal áranna þar á undan. 12




14

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 5° | N | 7 |
| Akureyri | 2° | NV | 9 |
| Egilsstaðir | 4° | NV | 12 |
| Kirkjubæjarkl. | 8° | NV | 8 |
| Reykjavík | 6° | N | 10 |

**HVASST EYSTRA** Í dag verða víðast 10-20 m/s, hvassast A-til. Rigning eða slydda með köflum NA-til en bjart S- og V-lands. Hiti 2-10 stig. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Bílar | Fólk




# Eitt smábarn af tíu er með erlent móðurmál

**Börnum með erlend móðurmál fjölgar umtalsvert í grunnskólum landsins á næstu árum. Frá aldamótum hefur fjöldi leikskólabarna með erlent ríkisfang sjöfaldast. Kostnaður skóla eykst vegna sérhæfðrar þjónustu.**

**INNLENT** Í óefni stefnir í grunnskólum landsins verði ekki brugðist við fjölgun barna sem eru með annað tungumál en íslensku.

Í nýrri skýrslu Fjölmenningarseturs kemur fram að metfjöldi barna með erlent móðurmál sé í hópi þriggja ára barna, eða 12 prósent. Síðustu ár hafi leikskólabörnum með annað móðurmál en íslensku fjölgað mjög. Alls eru um 11 af hverjum 100 leikskólabörnum með annað móðurmál en íslensku.

Héðinn Pétursson, aðstoðarskólastjóri Austurbæjarskóla, segir landslagið gjörbreytt frá því sem áður var. „Við höfum verið lengur í þessari glímu en flestir. Þegar við byrjuðum voru þetta örfáir krakkar í nýbúadeildum. Nú dreifast þessir krakkar um allt land og það gerir miklar kröfur á alla skóla. Þótt flestir séu á höfuðborgarsvæðinu eru til dæmis hlutfallslega fleiri á Vestfjörðum og á Suðurnesjum.“

Í skýrslunni er bent á að fjölgunin sé áskorun fyrir menntakerfið þar meira muni reyna á þjónustu fyrir þessi börn í grunnskólum landsins Undir þetta tekur Héðinn. „Þessu fylgir aukinn kostnaður fyrir skólana,“ segir hann. Sérhæfingu og mannafla þurfi til að fást við börn með erlent móðurmál. „Það kosta mikla peninga að gera þetta almennilega.“

**12%**

Í árgangi þriggja ára barna eru nú 12 prósent með annað móðurmál en íslensku.

Ari Klængur Jónsson, höfundur skýrslunnar, segir fjölgunina ekki stökk frá ári til árs heldur sé um gríðarlega fjölgun að ræða á um það bil tíu ára tímabili. „Við sáum fækkun 2007 til 2008 en það hafði ekki langvarandi áhrif,“ segir hann. Gögnin bendi ekki til breyttrar þróunar frá því sem nú sé. „Fjöldinn hefur verið að aukast ár frá ári og ekkert bendir til að hann sé að fara að dragast saman,“ segir Ari.

Til annarrar kynslóðar innflytjenda teljast þeir sem eiga foreldra sem eru innflytjendur en hafa þó sjálfir fæðst hér á landi. Rúmlega fjórir af hverjum fimm þeirra eru yngri en tíu ára.

Halldóra K. Magnúsdóttir, skólastjóri Grunnskólans í Grindavík, segir nemendur með erlent tungumál fá sérstaka þjónustu í gegnum stuðningskerfi skólans. Verkefnið sé fjármagnað í gegnum jöfnunarsjóð sveitarfélaga. „Það er alveg ljóst að fjármagn í þessum málum er af skornum skammti. Sveitarfélögin þurfa að móta sér heildstæða stefnu í þessum málum,“ segir hún.

elimar@frettabladid.is



**ÓTRÚLEGAR SKEMMDIR** Þessi bílaleigubíll er bókstaflega sandblásinn á annarri hliðinni eftir storminn. Tveir ferðamenn voru í bílnum en þeir flúðu eftir að hliðarrúðurnar brotnuðu. Þeir lágu svo í vegarkantinum og héldu í girðingu þar.

MYND/EYRÚN HALLA JÓNSDÓTTIR

Costa Concordia reist við:

## Viðamiklar framkvæmdir

**ÍTALÍA** Hægt gekk í gær að reisa við strandaða ítalska skemmtiferðaskipið Costa Concordia. Það hefur legið á strandstað í meira en hálft annað ár.

Framkvæmdirnar eru viðamiklar. Þær hafa verið lengi í undirbúningi og enginn vissi í raun hvort þær myndu heppnast þegar látið yrði til skarar skríða. „Þetta tekur lengri tíma en reiknað var með,“ sagði verkfræðingurinn Sergio Girotto á blaðamannafundi síðdegis í gær en hann er bjartsýnn á að verkið hafist á endanum.

Skipið sigldi í strand við eyjuna Giglio í byrjun síðasta árs. Skipstjórinn er sakaður um að hafa sýnt vítavert gáleysi þegar hann sigldi skipinu í strand og yfirgaf það áður en búið var að tryggja að öllum yrði bjargað. - gb / sjá síðu 8

Tugur bílaleigubíla er stórskemmdur eftir óveður en ferðamenn eru ábyrgir:

# Borgaði milljón vegna óveðurs

**VEÐUR** „Til er dæmi um að ferðamaður hafi þurft að borga yfir milljón vegna sand- og öskufoks,“ segir Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri hjá Samtökum ferðaþjónustunnar. Ferðamenn bera sjálfir ábyrgð á skemmdum á bílaleigubílum í þeirra umsjá skemmist þeir vegna óveðurs.

Hátt í tugur bílaleigubíla stórskemmdist í Öræfasveit um helgina. Mynd af einum þeirra fylgir fréttinni en björgunarsveitin Kári bjargaði tveimur ferðamönnum úr honum nærri Skaftá í Öræfasveit. Einu viðvaranirnar á vegunum voru á íslensku en að sögn björgunarsveitarmanns sem Fréttablaðið ræddi við stóð einfaldlega „ófært“ á tveimur skiltum við tvo vegi.

> **Í svona aðstæðum vildi ég bara sjá þessum vegum lokað, hvort sem það er af björgunarsveitum eða öðrum.**
>
> *Bergþór Karlsson*
> *formaður bílaleigunefndar SAF*

Gunnar Valur segir að sumar bílaleigur bjóði upp á viðbótartryggingu þar sem leigurnar bera hluta af fjárhagsskaðanum sem verður vegna veðurs.

Gunnar Valur segir svona tjónum hafa fjölgað mikið, sérstaklega með auknum straumi ferðamanna til landsins. Hann segir að bæta þurfi merkingar á vegum landsins, en það sem mestu máli skipti sé góð upplýsingagjöf til ferðamanna.

Bergþór Karlsson, formaður bílaleigunefndar Samtaka ferðaþjónustunnar, segir ástandið síðustu daga með því verra sem upp hafi komið. „Í svona aðstæðum vildi ég bara sjá þessum vegum lokað, hvort sem það er af björgunarsveitum eða öðrum,“ segir hann. Tjón vegna óveðursins gæti hæglega hlaupið á tugum milljóna. - vg / sjá síðu 6







## SPURNING DAGSINS



Grétar, er kominn tími á eitt lag enn?

**„Það er ekki fullreynt með eitt lag enn.“**

Stjórnin kemur saman á ný og ætlar að halda tónleika í tilefni 25 ára afmælis hljómsveitarinnar. Tónleikarnir fara fram 25. október í Háskólabíói.

Bergur Már Ágústsson neitar að hafa lamið mann með kylfu og skaddað auga annars:

# Afdrifarík líkamsárás orðin að dómsmáli

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur gefið út ákæru á hendur Bergi Má Ágústssyni, 29 ára margdæmdum afbrotamanni, fyrir líkamsárás að morgni 4. janúar 2012.

Samkvæmt ákærunni mætti Bergur á heimili Smára Valgeirssonar í Vesturbergi í Breiðholti vopnaður kylfu. Hann barði annan mann sem kom til dyra, Sigmund Geir Helgason, í höfuðið með sleggjunni og braut síðan rúðu með þeim afleiðingum að glerbrotum rigndi yfir Smára, sem skaddaðist við það á auga. Ákæran var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær og þar neitaði Bergur Már sök.

Atvikið í Vesturbergi var afdrifaríkt, því að síðar um daginn héldu Smári og Sigmundur vopnaðir í fylgd átta annarra að heimili Bergs í Háholti í Mosfellsbæ til að hefna árásarinnar. Þar var Bergur Már meðal annars fótbrotinn með stórri plastsleggju.

Meðal þeirra sem fóru í Háholt voru Annþór Kristján Karlsson og Börkur Birgisson og árásin þar var þungamiðjan í umfangsmiklu dómsmáli sem kennt var við tvímenningana. Í því máli hlutu þeir sjö og sex ára fangelsisdóma um síðustu áramót, Smári tveggja ára dóm og Sigmundur 18 mánaða dóm.

Síðan hefur Bergur gefið skýrslu fyrir dómi og fullyrt að hann hafi logið sökum upp á Annþór og Börk, undir þrýstingi frá lögreglu og fleirum.

Smári hefur einnig kært Berg Má fyrir að stinga sig í lærið með hníf við bar í Breiðholti í fyrrahaust. **- sh**



**SAGÐIST HAFA LOGIÐ** Bergur segist hafa logið sökum upp á Annþór Karlsson og Börk Birgisson í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**FJÖLMIÐLAVERÐLAUN** Sigurður Ingi Jóhannsson, umhverfis- og auðlindarráðherra veitti Páli Steingrímssyni fjölmiðlaverðlaun, í tilefni dags íslenskrar náttúru. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Páli Steingrímssyni veitt fjölmiðlaverðlaun:

## Dagur íslenskrar náttúru í gær

**NÁTTÚRA Páll Steingrímsson kvikmyndagerðarmaður hlaut í gær fjölmiðlaverðlaun umhverfis- og auðlindaráðuneytisins sem veitt voru í tilefni Dags íslenskrar náttúru.**

**Við sama tilefni veitti ráðherrann Vigdísi Finnbogadóttur Náttúruverndarviðurkenningu Sigríðar í Brattholti.**

**Í rökstuðningi dómnefndar vegna verðlaunanna segir meðal annars: „Heimildarmyndir Páls Steingrímssonar skipta mörgum tugum frá Vestmannaeyjagosinu 1973 og fram á þennan dag. Starf Páls að fræðslu og vernd íslenskrar náttúru er langt og farsælt og hefur borið hróður hans og landsins um heimsbyggðina.“** - hrs

Sameining sparisjóða:

## Styrkir arðsemi og samkeppni

**VIÐSKIPTI** Búast má við frekari sameiningu sparisjóða á næstu misserum að mati Bankasýslu ríkisins. Þetta kemur fram í skriflegu svari fjármálaráðherra við fyrirspurn á Alþingi.

Vinna að sameiningu sparisjóða er sögð liður í áformum Bankasýslunnar um að auka arðsemi sjóðanna og styrkja samkeppni á markaði og um leið áfangi í að losa um eignarhlut ríkisins. Sameiningar sem þegar hafa verið samþykktar eru sagðar vísbendingar um hvers sé að vænta í þeim efnum. **- hks**

Sex mánaða fangelsisdómur:

## Ræktaði kannabis í Grafarvogi

**DÓMSTÓLAR** Karlmaður á þrítugsaldri var dæmdur í sex mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær fyrir vörslu og dreifingu kannabisefna.

Í lok síðasta árs bárust lögreglu upplýsingar um að ræktun færi hugsanlega fram í íbúð í Grafarvogi. Það reyndist rétt og rannsókn leiddi í ljós hver eigandi efnanna var. Maðurinn játaði vörslu en neitaði að hafa ætlað þau til dreifingar. Það þótti ekki trúverðugt, enda var íbúðin nánast öll undirlögð til ræktunar og ræktunin ekki viðvaningsleg. **- hrs**

# Fimm mínútur upp á Esju með svifferju

Skipulagsráð Reykjavíkurborgar segir að breyta þurfi skipulagi til að kláfur upp á Esjuna verði að veruleika. Mikil fjölgun ferðamanna síðustu ár er meginforsenda verkefnisins, sem áætlað er að kosti þrjá milljarða. Leit að fjárfestum er að hefjast.

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Segja má að nú hafi skapast aðstæður til að laða að þann fjölda farþega sem þarf til að standa undir stofnkostnaði við kláfferjuna,“ segir í erindi til borgaryfirvalda þar sem kynnt er hugmynd að farþegaferju upp á Esjuna.

Samkvæmt áætlun Verkfræðistofu Jóhanns Indriðasonar, sem á verkefnið, er áætlað að kláfurinn nái í 900 metra hæð í tveimur áföngum. Lagt yrði upp á sama stað og göngufólk hefur nú sem upphafspunkt.

„Kláfurinn er síðan sveigður til austurs þannig að hann er á löngum köflum í hvarfi frá gönguleiðinni sem flestir fara á Esjuna,“ segir í umsókn þar sem sótt er um þrjár lóðir fyrir kláfinn, eina á jafnsléttu, aðra í 500 metra hæð og þá þriðju við brún fjallsins.

Áætlað er að ferjan, sem knýja á rafmagni, flytji 100 til 150 þúsund manns á ári. „Gestir ferjunnar verða Íslendingar í margvíslegum erindagjörðum en auk þess erlendir ferðamenn sem vilja koma og skoða þessa perlu í nágrenni Reykjavíkur og njóta útsýnis og víðáttu. Á Esjubrún er gert ráð fyrir aðstöðu til móttöku og þjónustu við ferðamenn, svo sem veitingastað í einhverri mynd,“ segir í lóðaumsókninni.

Fram kemur að áhersla sé á að þróa hugmyndina í nánu samráði við Reykjavíkurborg og aðra hagsmunaaðila. Gera þurfi endanlegar áætlanir um fjármögnun og rekstur auk rannsókna á umhverfinu.

„Því næst verður aflað fjármagns og framkvæmdum hrint af stað. Óformlegur áhugi fjárfesta liggur fyrir,“ segir í lóðaumsókninni. Reiknað er með að framkvæmdir hefjist 2015 og að Esjuferjan verði gangsett 2016 eða 2017.

Í umsögn sem skipulagsráð borgarinnar hefur samþykkt er tekið undir að ferja upp á Esjuna myndi bæta aðgengi til muna. Ef tekið væri jákvætt í lóðaumsóknina þyrfti að breyta skipulagi svæðisins og athuga hvort þörf væri á umhverfismati. „Ekki er þó tekin afstaða til þess hér,“ segir skipulagsráð, sem bendir jafnframt á að semja þyrfti við ríkið um afnotarétt að landinu.

Arnþór Þórðarson hjá Verkfræðistofu Jóhanns Indriðasonar segir að ferjan muni geta tekið 25 til 30 manns í hvorum tveggja klefa sinna. Ferðin upp fjallið taki fjórar til fimm mínútur. Gróflega áætlaður kostnaður við verkefnið sé þrír milljarðar króna. gar@frettabladid.is



**ESJUKLÁFURINN** Gert er ráð fyrir að rafmagnskláfurinn leggi upp frá bílastæðinu við Mógilsá og hafi viðkomu í 500 metra hæð fyrir lokaáfangann á Esjubrúnum 900 metrum yfir sjávarmáli. MYND/VERKFRÆÐISTOFA JÓHANNS INDRIÐASONAR









Forsætisráðherra segir tvískinnung í gagnrýni á Hagstofufrumvarpið:

# Svipað mál lagt fram í fyrra

**STJÓRNMÁL** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra sakaði þingmenn stjórnarandstöðunnar um tvískinnung og undraðist afstöðu þeirra til hagstofufrumvarpsins. Þetta kom fram í máli ráðherra á Alþingi í gær. Sigmundur sagði að síðasta ríkisstjórn hefði í raun samþykkt mjög svipað mál. „Þá gekk málið miklu lengra en nú þegar nefndin er búin að fara yfir þetta og lagfæra. Ekki nóg með það heldur var rökstuðningur síðustu ríkisstjórnar í raun sá sami og sá rökstuðningur sem nú hefur komið fram,“ sagði Sigmundur.

Samkvæmt frumvarpinu fær Hagstofa Íslands heimild til að safna upplýsingum um öll lán einstaklinga. Málið er umdeilt og hefur stjórnarandstaðan lagst gegn því. Hörður Helgi Helgason, forstjóri Persónuverndar, sagði í kvöldfréttum Stöðvar 2 á sunnudag að farið væri ansi nærri einstaklingum með þessari upplýsingasöfnun.

Forsætisráðherra segir að þessar upplýsingar séu mikilvægar þegar kemur að aðgerðum vegna skuldavanda heimilanna. „Þannig að þegar upp koma álitamál, þegar einhver heldur því fram að ekki sé verið að gera hlutina eins og til stóð, þá verði til staðar upplýsingar til að sýna fram á að það sé verið að gera hlutina eins og til stóð,“ sagði forsætisráðherra á Alþingi í gær. **-hks**



**Á ALÞINGI** Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra stinga saman nefjum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




ENNEMM / SÍA / NM51624



Í haust er væntanlegt app fyrir iOS og Android sem færir þér Sjónvarp Símans í snjalltækin.

Með Ljósnetinu er heimilið tilbúið að njóta spennandi nýjunga í sjónvarpsþjónustu og netsamskiptum. Hringdu í 800 7000 og tryggðu þér hratt og öruggt net og Sjónvarp Símans.

Sláðu inn heimilisfangið á **siminn.is** og sjáðu hvort þú getur tengst strax í dag.

Vinsælasta leiðin

| Ljósnet 1 | Ljósnet 2 | Ljósnet 3 | Ljósnet 4 |
|---|---|---|---|
| 50Mb • 10GB | 50Mb • 50GB | 50Mb • 100GB | 50Mb • 200GB |
| 10GB | 50GB | 100GB | 200GB |
| Mánaðarverð 4.890 kr. | Mánaðarverð 5.890 kr. | Mánaðarverð 6.990 kr. | Mánaðarverð 8.290 kr. |

Vertu í sterkara sambandi við framtíðina

Síminn

**SVONA ERUM VIÐ**



**242.492 bifreiðar voru skráðar á landinu í árslok 2012.**

Árið 2011 voru 238.293 bifreiðar skráðar og árið þar á undan voru þær 237.098. *Heimild: Samgöngustofa.*

Veitingamaðurinn Jón Garðar Ögmundsson stóð ekki skil á 22,5 milljóna skattgreiðslum:

# Metro-maður ákærður fyrir undanskot

**DÓMSMÁL** Sérstakur saksóknari hefur gefið út ákæru á hendur Jóni Garðari Ögmundssyni fyrir skattsvik í rekstri Lystar ehf., sem var móðurfyrirtæki McDonald's á Íslandi og síðar hamborgarastaðarins Metro.

Samkvæmt ákæruskjalinu hélt Jón Garðar eftir staðgreiðslu opinberra gjalda af launum starfsmanna árin 2009 og 2010 en stóð hins vegar ekki skil á þeim til ríkisins. Alls námu greiðslurnar sem aldrei skiluðu sér rúmum 22,5 milljónum fyrir mánuðina apríl, nóvember og desember 2009 og svo janúar til maí 2010.

Í fyrsttalda mánuðinum voru McDonald's-staðirnir reknir undir hatti Lystar en Metro frá því í nóvember 2009.

Rekstur Metro var seldur frá Lyst yfir til félagsins Lífs og heilsu ehf. í júní 2010 og skömmu síðar fór Lyst í gjaldþrot. Lítið fékkst upp í kröfur. Reksturinn var svo enn seldur frá Lífi og heilsu til félagsins M-Veitinga ehf. haustið 2012. Um síðustu áramót var Líf og heilsa svo gjaldþrota.

Sérstakur saksóknari hefur haft fleiri anga þessa rekstrar til rannsóknar, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, en það hefur ekki leitt til ákæru. **- sh**



**ERFIÐUR REKSTUR** Rekstur hamborgarastaðarins Metro hefur í tvígang verið færður í ný félög og þau fyrri farið í þrot. Hér er Jón Garðar með McDonald's-borgara og fleira. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**BJÖRGUNARSVEITIR Í EYJAFIRÐI** Fundu konuna seinnipartinn í gær.

Konan var köld og hrakin:

## Fannst austur af Súlutindum

**BJÖRGUN** Kona sem var villt og leitað var að í Súlum er fundin. Björgunarsveitir í Eyjafirði fundu konuna seinnipartinn í gær.

Konan var stödd austur af fjallinu beint niður af Súlutindum og nokkuð frá þeirri leið sem hún hugðist fara. Er talið að hún hafi hrakist af leið undan veðrinu á fjallinu.

Í þetta sinn var það hljóðleitin sem bar árangur, konan heyrði í flautum björgunarmanna og gat gert vart við sig.

Hún var köld og hrakin og gat illa gengið. Því þurfti að bera hana niður þangað sem fjórhjól komust að, um þriggja kílómetra leið. **- hrs**

Aðgerðir 2012 ólögmætar:

## Ætlar í mál við íslenska ríkið

**FORSJÁ** Íslensk kona sem nam börnin sín þrjú á brott frá Danmörku hefur falið lögmönnum sínum að undirbúa skaðabótamál á hendur íslenska ríkinu.

Málið er sagt höfðað vegna ólögmætrar aðfarar sumarið 2012. Börnin voru þá, að sögn móðurinnar, flutt nauðug til Danmerkur. Þetta kemur fram í bréfi frá lögmönnum konunnar fyrir hönd hennar. Jafnframt segir að í erindi innanríkisráðuneytisins til Sýslumannsins á Höfn komi fram mikilvæg viðurkenning á því að ekki hafi verið farið að lögum. **- hrs**

# Ekkert samráð haft við fagstéttir á Landspítala

**Ekki hefur verið rætt við hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða um fyrirhugaðar breytingar á lyflæknasviði LSH. Hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar segjast ekki tilbúnir að taka á sig aukna vinnu nema laun verði leiðrétt.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það hefur ekki verið rætt við okkur um að taka á okkur aukna vinnuskyldu. Við erum ekki tilbúin til þess nema við fáum hærri laun," segir Ólafur G. Skúlason, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Í svipaðan streng tekur Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Félags íslenskra sjúkraliða. Í yfirlýsingu heilbrigðisráðherra og forstjóra Landspítala Háskólasjúkrahúss frá því í síðustu viku um aðgerðir til að bæta stöðu lyflækningasviðs Landspítala kemur fram að skipa eigi starfshóp sem á að gera tillögur um hvernig eigi að láta meðal annars hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða styðja við störf lækna. Tillögur þar að lútandi eiga að liggja fyrir í lok nóvember á þessu ári.

Ólafur og Kristín segja að áður en yfirlýsingin var send út hafi ekki verið haft neitt samráð við Félag hjúkrunarfræðinga eða Sjúkraliðafélag Íslands. Ólafur segir að hjúkrunarfræðingar telji að komin sé tími til að endurskipuleggja verksvið allra heilbrigðisstétta svo sú þekking, menntun og færni sem hver stétt býr yfir nýtist til fullnustu. Hjúkrunarfræðingar séu reiðubúnir að vinna að endurskipulagningu, hins vegar sé gríðarlegt álag á hjúkrunarfræðingum í dag og það gangi ekki að þeir bæti á sig verkefnum bótalaust.

Kristín segist fagna umræðu um endurskoðun á störfum heilbrigðisstétta. Það sé löngu tímabært að endurskoða starfssvið allra heilbrigðisstétta. Menntun sjúkraliða sé bæði vanmetin og vannýtt á Landspítalanum og fleiri sjúkrastofnunum. Hjúkrunarfræðingar séu oft og tíðum að vinna störf sjúkraliða og því þurfi að breyta. Að lokinni endurskoðun á starfsskyldum sé komið að því að því að ræða um hvernig eigi að greiða fyrir störf sjúkraliða. Kjarasamningar verði lausir fljótlega eftir áramót og kröfugerð sjúkraliða muni að hluta til byggjast á því hvernig störf þeirra verða skilgreind og metin. „Laun sjúkraliða eru allt of lág í dag en verði gerðar breytingar á starfssviði sjúkraliða ætti að opnast leið til að hækka laun þeirra," segir Kristín.

**johanna@frettabladid.is**



**LANDSPÍTALINN** Ekki hefur verið rætt við hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða á Landspítalanum um að þessar stéttir fari að styðja við störf lækna á lyflækningasviði sjúkrahússins umfram það sem nú er. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**ÓLAFUR G. SKÚLASON**



**KRISTÍN Á. GUÐMUNDSDÓTTIR**

### Úr yfirlýsingu ráðherra og forstjóra

Í yfirlýsingu heilbrigðisráðherra og forstjóra LSH um aðgerðir til að bæta stöðu lyflækninga á LSH segir að stuðningur við störf lækna verði aukinn verulega með því að nýta betur krafta og hæfni hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða, klínískra lyfjafræðinga og ritara sérgreina og eftir föngum annarra starfsstétta. Samstarfshópur með fulltrúum ofangreindra stétta verður skipaður undir forystu framkvæmdastjóra hjúkrunar og lækninga. Hann á að skila tillögum fyrir lok nóvember 2013.


# Heilsu torgið
## Blómavali Skútuvogi




**Heilsubók Jóhönnu**
**KYNNING Í DAG**

Í dag milli kl. 15-18 mun Jóhanna Vilhjálmsdóttir kynna og árita nýútkomna bók sína, Heilsubók Jóhönnu, í Heilsutorgi Blómavals í Skútuvogi .

10% afsláttur af öllum vörum á Heilsutorginu, aðeins í dag!

Kynningaverð 3.990 kr ~~4.990 kr~~

blómaval


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi







**Á morgun**
Hæg norðlæg eða breytileg átt.




**Fimmtudagur**
3-8 m/s.

**VEÐUR BATNAR** Vindur gengur að mestu niður í dag en það verður hvasst austan til fram á kvöldið. Það dregur einnig úr úrkomu í dag og á morgun en á fimmtudag lítur út fyrir fallegan dag á Norður- og Austurlandi.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 27° | Billund | 15° | Gautaborg | 14° | London | 17° | Orlando | 31° | San Francisco | 19° |
| Basel | 22° | Frankfurt | 13° | Kaupmannahöfn | 14° | Mallorca | 27° | Ósló | 13° | Stokkhólmur | 15° |
| Berlín | 15° | Friedrichshafen | 14° | Las Palmas | 26° | New York | 18° | París | 17° | | |



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sigurður Helgi Grímsson sigurdurhg@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is
**FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is



**VW Passat** Highline Ecofuel
Árgerð 2012, bensín/metan
Ekinn 58.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**4.590.000,-**

# MIKIÐ ÚRVAL AF GÆÐABÍLUM Á GÓÐU VERÐI



**Audi A4** 2,0 AT
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 47.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **3.190.000,-**



**MM L200**
Árgerð 2009, dísil
Ekinn 100.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **3.490.000,-**



**Audi Q7** 4,2
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 101.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **4.890.000,-**



**Audi A4** 2,0 TDi AT
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 21.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **5.990.000,-**



**Suzuki Grand Vitara**
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 31.000 km, beinskiptur
Ásett verð: **3.990.000,-**



**Audi A6** 2,0T
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 88.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **3.690.000,-**



**Honda CR-V**
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 113.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **1.840.000,-**



**Audi Q7** 3,0 TDi
Árgerð 2007, dísil
Ekinn 122.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **5.990.000,-**



Tilboð **1.850.000,-**
**MM Pajero** 3.5 GLS
Árgerð 2004, bensín
Ekinn 118.500 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **2.290.000,-**



Tilboð **1.990.000,-**
**Subaru Forester**
2000 CS. Árgerð 2007, bensín
Ekinn 104.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **2.290.000,-**



Tilboð **1.990.000,-**
**Subaru Legacy** Sport
Wagon. Árgerð 2007, bensín
Ekinn 100.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **2.590.000,-**



Tilboð **3.690.000,-**
**Toyota** Land Cruiser
120 GX. Árgerð 2006, dísil
Ekinn 215.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **3.990.000,-**



Tilboð **1.590.000,-**
**VW Touareg** V6 3,2
Árgerð 2003, bensín
Ekinn 193.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **2.390.000,-**



Tilboð **3.990.000,-**
**Mercedes-Benz**
E280 CDi. Árgerð 2008, dísil
Ekinn 211.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **4.990.000,-**



Tilboð **2.790.000,-**
**VW Touareg** V8
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 120.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **3.450.000,-**



Tilboð **2.590.000,-**
**MM Pajero** 3.5 GLS
Árgerð 2006, bensín
Ekinn 100.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **3.290.000,-**

HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

**Kíkið inná:**
**heklanotadirbilar.is**

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvaða fyrirtæki vill gefa Reykjavíkurborg útilistaverk sem á að standa við Vesturbugt?
**2.** Hvaða lið fór taplaust í gegnum Pepsi-deild kvenna í sumar?
**3.** Hvað heitir ný bók Jónínu Leósdóttur um samband hennar við Jóhönnu Sigurðardóttir?

**SVÖRIN**

**1.** CCP **2.** Stjarnan **3.** Við Jóhanna

Byggðin hefur færst nær heimkynnum refanna í Heiðmörk:

# Refum fjölgar í borgarlandinu

**DÝRALÍF** „Refirnir eru ekki að færa sig nær byggð heldur er farið að byggja meira á þeirra svæði. Það hafa alltaf verið refir í Heiðmörk og á Urriðaholtinu. Ég ólst upp í Garðabænum og þvældist þarna um sem krakki. Þá varð ég af og til vör við refi,“ segir Ester Rut Unnsteinsdóttir, forstöðumaður Melrakkaseturs.

Hún segir refastofninn hafa stækkað og þess vegna ekki óeðlilegt að menn verði varir við refi í borgarlandinu. Refir hafa sést við Reykjanesbrautina og dæmi eru um að ekið hafi verið á þá.

„Það er mikilvægt að setja ekki út æti fyrir refina og lokka þá þannig til sín. Þá hætta þeir að vera hræddir og koma nær. Þetta eru villt dýr sem eiga ekki að vera í byggð,“ segir Ester Rut.

Hún tekur það jafnframt fram að afar mikilvægt sé að gengið sé vel frá matarleifum. „Þeir sem búa nálægt þeim svæðum þar sem refir halda sig þurfa að hafa það sérstaklega í huga að ganga vel frá sorpi svo að refir komist ekki í það. Hið sama gildir um sumarbústaðaeigendur.“ - ibs



**REBBI** Refir eru ekki farnir að færa sig nær byggð. MYND/LUCIE ABOLIVIER

72 prósent vilja völlinn burt:

# 330 íbúar borgarinnar spurðir

**FLUGVÖLLUR** 71,8 prósent íbúa Reykjavíkur vilja flugvöllinn áfram í Vatnsmýri samkvæmt könnun sem MMR gerði fyrir verkefnið Hjartað í Vatnsmýri.

Könnunin fór fram 9. til 11. september. Voru 330 íbúar höfuðborgarinnar spurðir og svarhlutfallið var 87 prósent.

Stuðningur við flugvöllinn er mestur meðal framsóknarmanna, 89,2 prósent, og minnstur meðal fylgjenda Samfylkingar, 44,9 prósent. - ebg/hrs



**SKÝRSLAN AFHENT** Åke Sellström, yfirmaður rannsóknarteymis Sameinuðu þjóðanna, ásamt Ban Ki-moon framkvæmdastjóra. NORDICPHOTOS/AFP

Notkun eiturgass staðfest:

# Efnavopnum eytt með hraði

**SÝRLAND, AP** Efnavopnaeftirlit Sameinuðu þjóðanna ætlar að bregðast snöggt við og hjálpa til við að eyða efnavopnum Sýrlendinga. Þetta sagði Ahmet Uzumcu, yfirmaður efnavopnaeftirlitsins, í gær eftir að rannsóknarteymi frá Sameinuðu þjóðunum hafði staðfest að eiturgasið sarín hafði í raun verið notað á almenning í úthverfum Damaskusborgar í síðasta mánuði.

Meðal sönnunargagna eru sprengjubrot sem innihalda sarín, umhverfissýni og lífsýni úr 34 sjúklingum. - gb

## SAMGÖNGUR

### Ófært á hálendisvegum

Í gærkvöldi var búið að loka vegum um Mývatns- og Möðrudalsöræfi vegna ófærðar. Vegagerðin varaði jafnframt við hálku á Vestfjörðum og krapa og skafrenningi Norðaustanlands. Ófært var sagt orðið á flestum hálendisvegum.

## EFNAHAGSMÁL

### Kröfugerð BSRB undirbúin

Samningshópar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja (BSRB) ræddu í gær kröfugerð og helstu áherslur fyrir komandi kjarasamninga. „Talsvert var fjallað um mikilvægi kaupmáttaraukningu launa, hækkun lægstu launa umfram önnur, stöðu millitekjuhópa og gerð stuttra kjarasamninga,“ segir á vef BSRB.

# Tjónið gæti hlaupið á tugum milljóna

**Formaður bílaleigunefndar Samtaka ferðaþjónustunnar segir tjón vegna óveðurs á Öræfum hugsanlega hlaupa á tugum milljóna. Ferðamennirnir sjálfir bera ábyrgð á tjóninu. Franskt par lenti í lífshættu á svæðinu en bíll þeirra eyðilagðist mikið.**

**VEÐUR** „Þetta er með því verra sem við höfum lent í svona fljótt á litið,“ segir Bergþór Karlsson, formaður bílaleigunefndar Samtaka ferðaþjónustunnar. Rúður brotnuðu í sandfokinu auk þess sem miklar skemmdir eru á lakki leigubifreiðanna. Þá fauk sandur inn í bílana sem olli hugsanlega meira tjóni.

Aðspurður um umfang tjónsins segir Bergþór að það sé erfitt að meta það á þessari stundu, enda ekki búið að skila bílunum. „En ef rúðurnar fara, þá fer lakkið og ljósin einnig. Heildartjónið getur hlaupið á alveg skelfilegum tölum, tugum milljóna,“ segir Bergþór.

Spurður hver sé ábyrgur er svarið einfalt: „Það er því miður þannig að ferðamennirnir bera ábyrgð á skaðanum.“

Bergþór segir það þó slæmt enda illt afspurnar fyrir ferðamannaiðnaðinn á Íslandi. Merkingum sé ábótavant, það sé ekkert nýtt. „Í svona aðstæðum vildi ég bara sjá þessum vegum lokað, hvort sem það er af björgunarsveitum eða öðrum,“ segir Bergþór.

Ármann Guðmundsson hjá björgunarsveitinni Kára kom frönskum ferðamönnum til hjálpar seint í gærkvöldi. Rúður í bílaleigubíl þeirra höfðu brotnað í óveðrinu og sandur fauk inn. Ferðamennirnir þorðu ekki að vera inni í bílnum né nærri honum af ótta við að hann fyki á hliðina. Þess vegna lágu þau í vegarkantinum og ríghéldu sér í girðingu.

„Einn okkar fór með spotta til þeirra og þannig fikruðu þau sig að bílnum,“ lýsir Ármann sem segir að ferðamennirnir hafi óttast um líf sitt. „Þau voru alveg í sjokki,“ bætir hann við. Þeim var svo ekið að hóteli sem var nærri. Ármann segir að vegamerkingar hafi verið lélegar og því varla við ferðamenn að sakast að vera á ferð um svæðið. „Það stóð bara ófært á skiltunum, ég efast um að ferðamenn skilji það,“ segir hann. Björgunarsveitin kom 70 ferðamönnum til bjargar á sunnudaginn og var þeim flestum ekið í félagsheimilið í Hofgarði. Ármann segir hátt í á annan tug bíla hafa eyðilagst í veðrinu, nær allir á vegum bílaleiga.

G. Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar, segir það viðvarandi vandamál að vara ferðamenn við óveðri. „Það eru engar einfaldar lausnir í þessu og upplýsingagjöfin getur brugðist í svona öfgakenndum aðstæðum,“ segir hann. „Þetta er til skoðunar og við gerum okkur grein fyrir vandamálinu,“ bætir hann við.

valur@frettabladid.is



**LÍMT FYRIR RÚÐIR** Ferðamenn gerðu sitt besta til þess að gera bíla sína ökufæra. MYNDIR/EYRÚN HALLA JÓNSDÓTTIR

## Ferðamenn varaðir við

Þegar ferðamenn taka bíl á leigu fá þeir miða með upplýsingum um helstu vefsíður til þess að kanna færð og veður. Þar eru þeir að auki hvattir til þess að leita sér upplýsinga um veður á hverjum degi áður en haldið er út á land. Allir aðilar ferðaþjónustunnar og Vegagerðarinnar eru þó sammála því að vegamerkingum er ábótavant.



**UPPFÆRA FLOTANN** Nýju skipin verða eins og þetta fyrir utan rýmið ofan á brúnni. MYND/HB GRANDI

HB Grandi kaupir 2 ný skip:

# Kaupverð nemur 7 milljörðum

**SJÁVARÚTVEGUR** „Við höfum lengi velt fyrir okkur að uppfæra flotann og á endanum fannst okkur það koma betur út að kaupa ný skip en notuð,“ segir Vilhjálmur Vilhjálmsson, forstjóri HB Granda. Ákveðið hefur verið að semja við skipasmíðastöðina Celiktrans Denis Insaat í Tyrklandi um smíði tveggja uppsjávarveiðiskipa fyrir HB Granda.

Samkvæmt samningnum mun HB Grandi greiða um 7,2 milljarða króna fyrir skipin. Þau verða afhent árið 2015, annað í upphafi ársins og hitt um haustið. - hg

Fimm handteknir í rassíu:

# 150 kannabisplöntur fundust

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði kannabisræktun á þremur stöðum á höfuðborgarsvæðinu síðastliðinn föstudag.

Fram kemur í tilkynningu lögreglu að lagt hafi verið hald á samtals um 150 kannabisplöntur á ýmsum stigum ræktunar, auk lítilræðis af öðrum fíkniefnum.

„Tvær ræktananna voru mjög umfangsmiklar og var búnaðurinn eftir því,“ segir á vef lögreglunnar. Fimm karlar á þrítugsaldri voru handteknir vegna ræktunarinnar. - óká



# Magnað tilboðsverð á sérvöldum vörum

Advania býður breitt vöruúrval sem svarar þörfum og kröfum fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum. Við leggjum metnað okkar í að veita framúrskarandi þjónustu.




**Hagkvæm og áreiðanleg**
Dell Optiplex 3010 borðtölva er vinnustöð fyrir hvaða skrifstofu sem er.

Verð áður: ~~179.990~~ kr.
**Verð nú: 109.990 kr.**

Tilboðið gildir á meðan birgðir endast. Verð með vsk.




**Öflugur vinnuhestur á góðu verði**
Dell Latitude E5430 fartölva er með styrkta umgjörð og hentar því vel fyrir fólk á ferðinni.

Verð áður: ~~266.090~~ kr.
**Verð nú: 169.900 kr.**



**Bjartur og skarpur tölvuskjár**
Dell Professional P2312H 23" skjárinn er hæðarstillanlegur, hefur marga tengimöguleika og býður bjarta og góða mynd.

Verð áður: ~~43.990~~ kr.
**Verð nú: 38.990 kr.**



**Öflugt og hraðvirkt fjölnotatæki**
Xerox WorkCentre 6605dn er gríðarlega öflugt fjölnotatæki með þægilegum 4,3" 50 bls. sjálfvirkum pappírsmatara og duplex prentun.

Verð áður: ~~277.950~~ kr.
**Verð nú: 177.990 kr.**

**Velkomin í verslanir okkar í Guðrúnartúni Reykjavík og Tryggvabraut Akureyri.**

Nánari upplýsingar má finna á **www.advania.is/tilbod**, í síma **440 9010** eða í tölvupósti á **sala@advania.is**

advania
Welcome to IT

DELL xerox



**STANDA VÖRÐ** Norskir hermenn við friðargæslustörf norður af Kabúl í Afganistan. NORDICPHOTOS/AFP

Könnun meðal norskra hermanna leiðir í ljós brotalöm:

## Segjast ekki nóg vel undirbúnir

**NOREGUR Nær helmingur Norðmanna sem gegnt hafa herþjónustu segist hafa fengið ónógan undirbúning fyrir hættulegar aðstæður. Einn af hverjum tíu upplifði að hann yrði að drepa eða skaða andstæðinginn.**

**Á vef norska ríkisútvarpsins er greint frá niðurstöðum könnunar meðal þeirra sem gegnt hafa herþjónustu og lögreglustörfum í Noregi en 100 þúsund Norðmenn hafa frá 1947 tekið þátt í alþjóðlegum hernaðaraðgerðum. Einn af hverjum tíu kvaðst ekki hafa fengið nægan undirbúning í meðferð skotvopna og margir kváðust ekki hafa fengið nægilega þjálfun í meðferð sprengiefna.** - ibs

Blaðamaður fyrir herrétt:

## Réttað fyrir luktum dyrum

**EGYPTALAND, AP** Hafin eru fyrir luktum dyrum í herrétti í Egyptalandi réttarhöld yfir þarlendum blaðamanni. Hann er sakaður um að hafa dreift röngum upplýsingum um aðgerðir hersins gegn uppreisnarhópum á Sínaí-skaga.

Tugir blaðamanna mótmæltu í gær handtöku Ahmed Abu-Draa í Ismailíja þar sem réttað er yfir honum. Hann var handtekinn eftir skrif á Facebook um að herinn hafi gert loftárásir á íbúðarbyggð. - óká

**STJÓRNSÝSLA**

### Undirbúa aldarafmælið

Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis, fundaði um helgina með fulltrúum samtaka íslenskra kvenna, stofnana sem sinna jafnréttismálum og þingflokka sem eiga sæti á Alþingi í Víkinni, Sjóminjasafni Reykjavíkur. Til umræðu var hvernig best væri að minnast 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna.

### Beiðni hafnað

Samkeppniseftirlitið hafnaði beiðni Eimskipafélags Íslands um aðgang að upplýsingum sem liggja á bak við húsleitarheimild eftirlitsins. Þegar rannsóknarhagsmunir leyfa mun eftirlitið láta í té hluta gagnanna.

# Hægt gekk að reisa Costa Concordia við

Veruleg hætta var á að eitthvað færi úrskeiðis við framkvæmdir á strandstað skemmtiferðaskipsins Costa Concordia, þar sem hafist var handa í gær við að reisa skipið við og draga það af strandstað. Allt virtist það þó ætla að ganga upp.

**ÍTALÍA, AP** Hafist var handa í gær við að reisa ítalska skemmtiferðaskipið Costa Concordia við, þar sem það hefur legið á hliðinni á strandstað í meira en hálft annað ár.

Framkvæmdirnar eru viðamiklar. Þær hafa verið lengi í undirbúningi og enginn vissi í raun hvort þær myndu heppnast þegar látið yrði til skarar skríða.

Allt gekk mun hægar fyrir sig í gær en vonir stóðu til og fátt benti til þess að skipið yrði komið á réttan kjöl fyrr en í dag.

„Þetta tekur lengri tíma en reiknað var með,“ sagði verkfræðingurinn Sergio Girotto á blaðamannafundi síðdegis í gær.

Hann hefur stjórnað framkvæmdunum og sagðist bjartsýnn á að verkið myndi hafast á endanum.

„Jafnvel þótt það taki fimmtán til átján tíma erum við sátt við það. Við erum ánægð með hvernig þetta gengur,“ sagði hann.

Aldrei hefur áður verið ráðist í sambærilegar framkvæmdir. Skipið er illa skemmt og meðal þess sem óttast var er að það hryndi saman undan eigin þunga þegar reynt yrði að velta því.

Flothylki hafa verið fest við skipsskrokkinn bakborðsmegin og önnur flothylki verða fest við hann stjórnborðsmegin þegar búið er að reisa skipið við. Flothylkin verða síðan notuð til að lyfta skipinu þannig að hægt verði að draga það burt. Það verður síðan rifið niður í brotajárn.



**SKIPIÐ MJAKAST UPP** Íbúar á eyjunni Giglio við strendur Toskanahéraðs gera sér vonir um að losna fljótlega við ferlíkið sem legið hefur þarna í meira en hálft annað ár. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Costa Concordia sigldi í strand við eyjuna Giglio í byrjun síðasta árs. Eyjan er vinsæll ferðamannastaður við strendur Toskanahéraðs, vestan til á Ítalíu.

Skipstjórinn Francesco Schettino er sakaður um að hafa sýnt vítavert gáleysi þegar hann sigldi skipinu í strand og yfirgaf skipið síðan áður en búið var að tryggja að öllum yrði bjargað. Hann hefur neitað allri sök en réttarhöldum er enn ólokið.

Slysið kostaði meira en 30 manns lífið.

Costa Concordia er 114 þúsund tonn og þar með tveimur og hálfu sinni þyngra en glæsiskipið Titanic, sem fórst fyrir nærri heilli öld. gudsteinn@frettabladid.is

www.volkswagen.is




Volkswagen Tiguan eyðir aðeins frá 5,8l /100 km

Fullkominn ferðafélagi

Í Volkswagen Tiguan sameinast fullkomið fjórhjóladrif, sparneytin dísilvél og einstakir akstursEiginleikar sem veita þér algjört ferðafrelsi. BlueMotion tæknin frá Volkswagen leggur áherslu á lágmarks eyðslu eldsneytis og hámarks umhyggju fyrir umhverfinu. Kynntu þér kosti Volkswagen Tiguan og veittu þér sannkallað frelsi til að ferðast.

Tiguan kostar aðeins frá
5.360.000 kr.

Das Auto.

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði



THAILAND
Santa Maria
CHICKEN THAI WOK
Spice Mix
RÉTTA BRAGÐIÐ ÚR AUSTRI
COCONUT MILK
OYSTER SAUCE
SWEET CHILI SAUCE
PREMIUM
EGG NOODLES
FISH SAUCE
Fæst í verslunum
Hagkaups og Bónus
HAGKAUP

## HEIMURINN




### Stjórn Merkel í hættu

**1 ÞÝSKALAND** Frjálsir demókratar, litli miðjuflokkurinn í þýskum stjórnmálum, virðist eiga á hættu að falla út af þingi í kosningunum um næstu helgi. Hann náði ekki fimm prósenta lágmarki í landsþingskosningum í Bæjaralandi á sunnudaginn var og honum er spáð um fimm prósentum fyrir þjóðþingskosningarnar. Par með er stjórnarmeirihluti Angelu Merkel kanslara í hættu, þrátt fyrir gott gengi hennar í skoðanakönnunum, því Frjálsir demókratar hafa setið í stjórn með flokki hennar, Kristilegum demókrötum.

### Skotárás í Washington



**2 BANDARÍKIN** Skotárás í bækistöðvum bandaríska sjóhersins í Washington-borg kostaði tólf manns hið minnsta lífið í gær. Einn árásarmaður lét lífið en lögregla leitaði tveggja annarra manna sem grunaðir voru um aðild að árásinni. Vitni segja árásarmann hafa skotið ofan af þriðju eða fjórðu hæð niður í matsal á neðstu hæð í byggingu sjóhersins.

### ESB hyggst refsa Króatíu

**3 KRÓATÍA** Evrópusambandið hefur í hyggju að beita Króatíu, nýjasta aðildarríki bandalagsins, refsiaðgerðum. Ástæðan er að ný löggjöf í Króatíu bannar framsal grunaðra afbrotamanna. Lögin voru samþykkt daginn eftir að Króatía fékk aðild að ESB í byrjun júlí. Meðal fyrirhugaðra refsiaðgerða er að ESB hætti að greiða Króatíu fé sem átti að nýtast til landamæragæslu.

## Flóðvatnið vaðið á austurströnd Hokkaídó




**FÁRVIÐRI Í JAPAN** Um 260 þúsund manns voru hvattir til að forða sér að heiman í gær þegar öflugur fellibylur æddi inn yfir austurströnd Hokkaídó, stærstu eyjar Japans. Stöðva þurfti lestarferðir í höfuðborginni Tókýó um hríð. Úrhellisrigning fylgdi með miklum flóðum, sem urðu einna verst í Kýótó. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


MYNDARLEGUR
www.landrover.is

LAND ROVER
ABOVE AND BEYOND



*Miðað við uppgefnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

ENNEMM / SÍA / NM58758

NÝR LAND ROVER DISCOVERY 4
VERÐ FRÁ 10.990.000 KR.

Land Rover Discovery 4 er einn glæsilegasti jeppi sem til er. 211 hestafla dísilvél sem eyðir aðeins 8,3 l/100 km í blönduðum akstri*, ný 8 þrepa sjálfskipting með takkaskiptingu í stýrinu og loftpúðafjöðrun á öllum hjólum sem tengd er Terrain Response stillanlega fjöðrunarkerfinu.

Þú færð allar nánari upplýsingar um verð og búnað á **www.landrover.is**

B|L
**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar, Reykjanesbæ, www.bilahusid.is, 421 8808
Bílasalan Bílás, Akranesi, www.bilas.is, 431 2622
Bílasala Akureyrar, Akureyri, www.bilak.is, 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands, Egilsstöðum, www.bva.is, 470 5070
IB ehf., Selfossi, www.ib.is, 480 8080

MERIDA



20-40% AFSLÁTTUR

**MERIDA** S-PRESSO 100-D 45
**97.993 KR.**
Verð áður 139.990 kr.

| | |
|---|---|
| Stærðir: | 45, 50, 55, 60 cm |
| Bremsur: | Tektro HDC-300 |
| Gírar: | Shimano M191 |
| Þyngd: | 11,5 kg |

# HJÓLAMARKAÐUR
## ELLINGSEN



**MERIDA** BYGDØY 7 DÖMUHJÓL
**76.993 KR.**
Verð áður 109.990 kr.

| | |
|---|---|
| Stærðir: | 47, 51 cm |
| Bremsur: | Hand- og fótbr. |
| Gírar: | Nexus 7 gírar |



**MERIDA** ROAD RIDE 88 RACER
**89.994 KR.**
Verð áður 149.990 kr.

| | |
|---|---|
| Stærðir: | 52 cm |
| Bremsur: | Road Dual Pivot |
| Gírar: | Shimano Sora SS |



**MERIDA** KRÅKEOY 7
**76.993 KR.**
Verð áður 109.990 kr.

| | |
|---|---|
| Stærðir: | 51, 55 cm |
| Bremsur: | Hand- og fótbr. |
| Gírar: | Nexus 7 gírar |
| Gaffall: | Stál |



**MERIDA** MATTS TFS-300 FJALLAHJÓL
**104.993 KR.**
Verð áður 149.990 kr.

| | |
|---|---|
| Stærðir: | 16, 18, 20, 22, 24" |
| Bremsur: | Tectro, diska |
| Gírar: | Shimano SLX-9 |
| Þyngd: | 13,85 kg |



**MERIDA** CROSSWAY HYBR 20 GÖTUHJÓL HERRA
**63.992 KR.**
Verð áður 79.990 kr.

| | |
|---|---|
| Stærðir: | 48, 52, 55, 58 cm |
| Bremsur: | Tectro Novela |
| Gírar: | Shimano Acera-x |



**MERIDA** CROSSWAY HYBR 20 GÖTUHJÓL DÖMU
**63.992 KR.**
Verð áður 79.990 kr.

| | |
|---|---|
| Stærðir: | 46, 50, 54 cm |
| Bremsur: | Tectro Novela |
| Gírar: | Shimano Acera-x |



**MERIDA** MATTS REDWOOD
**55.992 KR.**
Verð áður 69.990 kr.

| | |
|---|---|
| Stærðir: | 16, 18, 20, 22 cm |
| Bremsur: | V-BRAKE |
| Gírar: | Shimano Tourney |



**MERIDA** JULIET REDWOOD
**48.993 KR.**
Verð áður 69.990 kr.

| | |
|---|---|
| Stærðir: | 16, 18" |
| Bremsur: | V-BRAKE |
| Gírar: | Shimano tourney |



**MERIDA** BIG NINE TFS-MD FJALLAHJÓL
**90.993 KR.**
Verð áður 129.990 kr.

| | |
|---|---|
| Stærðir: | 15, 17, 19, 21" |
| Bremsur: | Tectro, diska |
| Gírar: | Shimano M190 |
| Þyngd: | 13,8 kg |



20% afsláttur af aukahlutum



**MERIDA** DINO 20 BARNAHJÓL 6–8 ÁRA
**39.992 KR.**
Verð áður 49.990 kr.

| | |
|---|---|
| Bremsur: | Power v-br 821A |
| Gírskipting: | Shimano |
| Gírar: | 6 |
| Dekk: | 20" |



**MERIDA** BELLA 16 BARNAHJÓL 4–6 ÁRA
**23.992 KR.**
Verð áður 29.990 kr.

| | |
|---|---|
| Bremsur: | Fót- og handbr. |
| Þyngd: | 7,9 kg |
| Dekk: | 16" |

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • **ellingsen.is**

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 132447



**UMÖNNUN** Danskur prófessor segir opinber framlög ekki ná að kosta umönnun aldraðra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Undirbúa þarf breytingar:

## Börnin greiði sjálf gæsluna

**DANMÖRK** Annaðhvort verða fullorðin börn sjálf að gæta aldraðra foreldra sinna eða kaupa gæslu. Þetta er mat dansks prófessors og heilsuhagfræðings, Kjeld Møller Pedersen, sem Kristilega dagblaðið vitnar í. Stjórnmálamenn verði að búa Dani undir það að þeir þurfi í meiri mæli að annast foreldra sína sjálfir en þeir gera nú.

Pedersen segir að ekki verði til nægir fjármunir á komandi áratug til þess að fjármagna umönnun aldraðra. Eftir tíu ár verði áttræðir og eldri 30 prósentum fleiri en þeir eru í dag. **- ibs**

Umferðaróhöppum í tengslum við ölvunar- eða fíkniefnaakstur hefur fækkað frá árinu 2007:

# Óhöppum vegna fíkniefnaaksturs fækkar

**LÖGREGLUMÁL** Umferðaróhöppum þar sem ökumaður var grunaður um akstur undir áhrifum fíkniefna fækkaði um helming hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu á fyrstu átta mánuðum ársins samanborið við sama tímabil í fyrra.

Á fyrstu átta mánuðum þessa árs voru skráð 20 slík óhöpp en þau hafa verið um 40 að meðaltali frá árinu 2010. Fjöldi kærðra brota vegna fíkniefnaaksturs stóð á sama tíma í stað.

„Þessar tölur gefa vísbendingu um að þeim fari fækkandi sem keyra undir áhrifum fíkniefna. Hins vegar má ekki alhæfa of mikið út frá þeim en þróunin virðist vera í rétta átt,“ segir Kristján Ólafur Guðnason, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Breytingar sem gerðar voru á umferðarlögum árið 2006 gerðu að sögn Kristjáns það að verkum að skilgreiningin á fíkniefnaakstri varð skýrari og við það einfaldaðist starf lögreglu við að stöðva þá sem aka undir áhrifum fíkniefna.

**20** slys þar sem fíkniefnaakstur kom við sögu voru skráð á fyrstu átta mánuðum ársins. Meðaltal síðustu ára er 40.

Eftir það varð mikil fjölgun í kærðum brotum vegna fíkniefnaaksturs en eins og áður segir stóð fjöldi kærðra brota í stað milli áranna 2012 og 2013.

Þegar tölur um fjölda kærðra brota vegna ölvunaraksturs eru skoðaðar sést að þeim hefur fækkað úr 900 á fyrstu átta mánuðum ársins 2007 í um 600 á fyrstu átta mánuðum þessa árs. Umferðaróhöppum sem rekja má til ölvunaraksturs hefur á sama tímabili fækkað úr 110 í 77.

„Þegar þetta tvennt er skoðað, að kærum vegna ölvunaraksturs fækkar og umferðaróhöppum sem tengjast ölvunarakstri fækkar einnig, má leiða að því líkur að ölvuðum ökumönnum í umferð fari fækkandi,“ segir Kristján. **- hg**



**ÞRÓUN Í RÉTTA ÁTT** Breytingar á umferðarlögum árið 2006 aðstoðuðu lögreglu við að stöðva fíkniefnaakstur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




Gæðaflísar á sanngjörnu verði



LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
Kletthálsi 7, Rvk - Reykjanesbæ - Akureyri - Vestmannaeyjum




**LEITA LÆKNINGA** Fólk hópast á læknamiðstöð í Búrma fyrir alnæmis- og berklaveika. Í Búrma er árlega talið að 9.000 berklatilvik séu vegna sýklalyfjaþolinna baktería. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

23.000 dauðsföll rakin til sýklalyfjaþolinna bakteríu:

## Sýklalyf glata stöðugt virkni sinni

**BANDARÍKIN, AP** Stjórnvöld í Bandaríkjunum hafa í fyrsta sinn lagt mat á hversu mörg dauðsföll þar í landi megi rekja til sýklalyfjaþolinna baktería.

Samkvæmt tölum sem Miðstöð sjúkdómavarna í Bandaríkjunum birti í gær er gert ráð fyrir að árlega megi rekja yfir 23 þúsund dauðsföll og tvær milljónir veikinda til baktería sem erfitt er að fást við vegna þess að þær hafa byggt upp þol gegn lyfjum.

Sýklalyf urðu fyrst almenn á fimmta áratug síðustu aldar og tugir slíkra hafa verið í notkun til að drepa eða halda niðri bakteríusýkingum, allt frá streptókokkahálsbólgum til svartadauða. En eftir því sem áratugirnir hafa liðið hafa sýklalyf misst hluta af virkni sinni. Sérfræðingar segja að ofnotkun og misnotkun þeirra hafi ýtt undir minnkandi virkni lyfjanna. **- óká**


ÖRUGGT START



MEÐ EXIDE RAFGEYMUM

Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir bifreiða. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.



Exide rafgeymarnir fást hjá:

EXIDE TECHNOLOGIES TRANSPORTATION

MAX1 BÍLAVAKTIN

olís

Ellingsen

PIPAR\TBWA • SÍA • 131838


ELLA UMFERÐARTRÖLL
vill auka umferðaröryggi barna
í samstarfi við Sjóvá og N1
Ella umferðartröll ætlar að hitta sem flesta krakka í 1. og 2. bekk grunnskóla í vetur og sýna þeim hvernig þau eiga að haga sér í umferðinni.
Litaleikur fyrir krakka
Sjóvá og N1 bjóða öllum 6 og 7 ára krökkum að taka þátt í skemmtilegum litaleik. Farið inn á ellaumferdartroll.is og litið mynd af Ellu og vinum hennar. Dregið verður úr öllum innsendum myndum og heppnir listamenn geta unnið veglega vinninga frá Sjóvá og N1.
Sendið myndirnar til:
N1
Dalvegur 10–14
201 Kópavogur
B.t. Markaðsdeildar
N1
SJÓVÁ
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Friðhelgi prívatlífs í útrýmingarhættu:

# Er einkalíf okkar almenningseign?

Samkvæmt frumvarpi forsætisráðherra um Hagstofu Íslands sem liggur fyrir septemberþingi á að safna upplýsingum um öll lán einstaklinga í landinu. Ekki nóg með það, heldur verður líka skoðað í hvaða tilgangi þeir tóku lánin og hvað þeir gerðu við peningana, hvernig sem það á nú að gagnast við hina svokölluðu skuldajöfnun.



**Friðrika Benónýsdóttir**

fridrikab@frettabladid.is

Eðlilega hefur frumvarpið vakið hörð viðbrögð og ótta um að friðhelgi einkalífsins sé liðin tíð á Íslandi. Hörður Helgi Helgason, forstjóri Persónuverndar, sagði í fréttum Stöðvar 2 um helgina að með þessari upplýsingasöfnun væri gengið ansi nærri persónufrelsi fólks. Hann telur hættu á að vinnslan misfarist, upplýsingar sem eigi að vera leyndar afhjúpist eða að upplýsingarnar séu einfaldlega rangar og telur rökin fyrir þessari skerðingu á friðhelgi einkalífsins engan veginn nógu sterk.

Umræða um friðhelgi einkalífsins er ekki ný af nálinni. Hún blossar upp með reglulegu millibili, oftast vegna þess að fólki blöskrar yfirgangur stjórnvalda þegar kemur að einkalífi þess sjálfs. Undanfarið hefur hún einkum snúist um aðgang stjórnvalda að Facebook-síðum og Gmail-reikningum fólks sem þeim þykir af einhverjum ástæðum grunsamlegt og ber flestum saman um að með þeim aðgangi hafi mörkin færst í ansi óheillavænlega átt. Hinn almenni borgari á sér varla lengur nokkurt skjól fyrir augum Stóra bróður, en það er við ofurefli að etja og engin merki um að þessari þróun verði snúið við.

Stjórnvöld eru reyndar ekki ein um það að nýta einkalíf fólks í vafasömum tilgangi. Listamenn hafa stundað það grimmt í gegnum aldirnar og er skemmst að minnast umræðunnar um bók Hallgríms Helgasonar, Konan við 1000°, sem sætt hefur harðri gagnrýni fyrir að nýta viðkvæm einkamál raunverulegs fólks sem efnivið í „skáldsögu". Sýnist sitt hverjum um siðferðilegt réttmæti slíks en listamenn bera fyrir sig listrænt frelsi og telja sig ekki hafa brotið á nokkrum manni. Einkalíf fólks sé hluti af sammannlegri sögu og því innan marka þess sem leyfilegt sé að nota til að segja „sannleikann" um samtímann eða fortíðina.

Stjórnmálamenn og aðrir þeir sem hrærast í kastljósi fjölmiðla mega búa við það að einkalíf þeirra sé undir stöðugri smásjá á þeim forsendum að almenningur hafi „rétt á að vita" hvað þeir séu að bauka. Spaugstofusketsar og áramótaskaup ganga út á að gera grín að fræga fólkinu og oftar og oftar er einkalíf þess dregið inn í það grín svo ekki sé nú minnst á þann mat sem slúðurdálkar gera sér úr því. Til skamms tíma virtist nokkuð ljóst hvar mörkin lágu; það var við hæfi að gera grín að stjórnmálamanninum að störfum, einkalíf manneskjunnar var yfirleitt ekki dregið inn í grínið. Þau mörk virðast nú að mestu útmáð, það er skotleyfi á allt sem þekktum manneskjum viðkemur bæði í grínþáttagerð og slúðurdálkum, ekkert er heilagt. Aðgátin í nærveru sálar sem Einar orti um forðum er fyrir bí bæði í einkalífi og opinberum aðgerðum, enda hlýtur þetta afnám friðhelginnar að virka í báðar áttir, eða hvað?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Skrifræðið**

Sérkennileg umræða fór fram á Alþingi í gær um rétt fulltrúa í velferðarnefnd til þess að ræða þar skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um Íbúðalánasjóð. Húsnæðismál heyra undir velferðarnefnd en vegna einhverra formsatriða hefur nefndin ekki fengið að ræða skýrsluna, sem þó er opinber og aðgengileg hverjum Íslendingi, af því að skýrslur rannsóknarnefnda skal ræða í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd. Þetta er hressandi skrifræði.

**Einar og langa málið**

Í þessari sömu umræðu lauk Árni Þór Sigurðsson, Vinstri grænum, lofsorði á framgöngu Einars K. Guðfinnssonar á forsetastóli. „Ég vil þó þakka hæstvirtum forseta vorum fyrir að hafa tekið upp þá nýbreytni sem er til fyrirmyndar að útskýra í löngu máli hvað hann hyggst fyrir og hvernig hann túlkar mál." Einar þakkaði hólið og bætti þessu við: „Varðandi það að forseti hafi talað í löngu máli þá þekkja það þeir sem hafa reynslu af störfum með forseta að hann á það til að tala í nokkuð löngu máli."



**Ekki eitt einasta orð**

En Árni Þór sagði reyndar fleira, þegar hann hrósaði Einari: „Það er til fyrirmyndar vegna þess að það hefur oftlega verið hér að menn spyrja forseta og ekki fengið eitt einasta orð upp úr forseta hvað hann hyggst fyrir í tilteknum málum," sagði hann. Síðasti forseti Alþingis var Samfylkingarkonan Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, sem var hluti af sama stjórnarliði og Árni Þór. Má lesa úr orðum Árna Þórs fast skot á þennan fyrrverandi samherja sinn?



stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Hlunnfarnar um tugi milljóna

KJARAMÁL



**Heiða Björg Hilmisdóttir**
formaður Kvennahreyfingar Samfylkingarinnar



**Margrét Lind Ólafsdóttir**
varaformaður Kvennahreyfingar Samfylkingarinnar

Kvennahreyfing Samfylkingarinnar lýsir yfir miklum vonbrigðum með niðurstöður nýlegra kjarakannanna BSRB og BHM þar sem viðvarandi kynbundinn launamunur er enn einu sinni staðfestur. Það er skammarlegt að árið 2013 sé óútskýrður kynbundinn launamunur 11 til 15% hjá ríki, 13 til 20% hjá sveitarfélögum og enn meiri á einkamarkaði. Kynbundinn launamunur sem viðgengst á Íslandi hefur það í för með sér að íslenskar konur eru á starfsævi sinni hlunnfarnar um tugi milljóna króna. Mannréttindabrotin sem í þessum tölum birtast eru óásættanleg.

Ríki og sveitarfélög eiga að vera í fararbroddi í baráttunni gegn kynbundnum launamun og skýr fyrirmynd í þessum efnum. Því ber að fagna að hjá ríkinu og einstökum sveitarfélögum hefur á liðnum árum náðst nokkur árangur í baráttunni.

Tölur Hagstofunnar sýna að milli áranna 2008 og 2012 hefur launamunur kynjanna minnkað um fjórðung hjá ríkinu (farið úr 21,2% í 16,2%) og í könnun BSRB kemur fram að milli áranna 2012 og 2013 minnkaði óútskýrður kynbundinn launamunur um ríflega fjórðung (fór úr 14,1%-10,9%). Þessar tölur sýna og sanna að launamunur kynjanna er ekki óviðráðanlegt náttúrulögmál heldur mannanna verk og að honum má eyða á skömmum tíma. En betur má ef duga skal því enn er óréttlætið til staðar.

Kvennahreyfing Samfylkingarinnar hvetur öll fyrirtæki og stofnanir á vegum ríkis og sveitarfélaga til að taka nú til óspilltra málanna á eigin forsendum og óska eftir jafnlaunavottun á grundvelli hins nýja jafnréttisstaðals sem unninn var í góðu samstarfi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins á liðnum árum. Almenningur ætti að styðja slíkt átak með því að beina viðskiptum sínum til fyrirtækja sem slíka vottun hafa.

Þá er mikilvægt að áfram verði unnið eftir þeirri yfirgripsmiklu aðgerðaáætlun um launajafnrétti sem ríkisstjórn jafnaðarmanna samþykkti í lok síðasta árs. Hið sama á við um jafnlaunaátak stjórnvalda sem hófst fyrr á þessu ári og miðaði að því að hækka laun fjölmennustu kvennastéttanna hjá ríkinu.

Stjórn Kvennahreyfingarinnar hvetur ríkisstjórnina til að halda markvisst áfram þeirri vinnu sem fyrri stjórn lagði grunninn að og leggja allan þunga í að uppræta það mein sem kynbundinn launamunur er í okkar samfélagi. Um þetta mannréttindamál eiga allir flokkar á Alþingi að geta sameinast.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Hangandi brjóst og hitakóf



HEILSA
**Teitur Guðmundsson**
læknir

Sumir eru hreinskilnari en aðrir, láta bara allt flakka og nenna ekki að vefja orðunum í einhverja dúnsæng áður en þau eru sögð. Aðrir komast upp með að segja nánast hvað sem er við hvern sem er. Þeir nota jafnvel gamanmál og það er ekki ólíklegt að maður hafi gaman af lýsingum þeim sem slíkir aðilar koma með þó að undirtónninn sé alvarlegur. Það er nefnilega oft þannig þegar um málefni er að ræða sem geta legið þungt á viðkomandi, valdið pirringi og vanlíðan, jafnvel sársauka, að húmor getur auðveldað samskipti.

Þar með er ég ekki að draga úr mikilvægi þess að tækla vanda viðkomandi, þvert á móti. Sum vandamál eru þess eðlis að þau eru að vissu leyti feimnismál, persónuleg og einstaklingarnir nálgast þau á mismunandi hátt, sem er eðlilegt. Í því felst hin skemmtilega fjölbreytni læknisstarfsins að þurfa að koma til móts við væntingar og hegðun skjólstæðinga hverju sinni. Konur sem eru að ganga í gegnum tíðahvörf kvarta oftsinnis undan einkennum sem getur verið erfitt að eiga við. Miklar hormónabreytingar eiga sér stað sem geta valdið skapsveiflum, svefntruflun, þyngdaraukningu og ýmsu til viðbótar. Slíkt gerir það að verkum að margar upplifa þennan tíma sem erfiðan og það er í raun áskorun að ganga í gegnum þetta tímabil.

### „Ég nenni þessu ekki"

„Ég nenni þessu ekki," sagði ein konan um daginn við mig á stofu, „ég er búin að tapa brjóstunum og kynlönguninni, fitna og er stöðugt í einhverju hitakófi. Geturðu ekki reddað þessu í hvelli?" Þessu er ekki auðsvarað og yfirleitt hefur liðið langur tími þar til þessi einkenni tíðahvarfa koma fram af fullum þunga. Þá eru einnig til konur sem finna lítið sem ekkert fyrir tíðahvörfum, svo það er ójafnt skipt.

Mikilvægt er að átta sig á því að ekki er til neinn ákveðinn aldur þar sem þetta ferli hefst en almennt má segja að konur um fertugt byrji að framleiða minna af kvenhormónum, en þau stýra blæðingum og egglosi, sem aftur gerir það að verkum að frjósemi þeirra minnkar. Það lengist á milli blæðinga eða það verða truflanir á þeim þar til þær hætta alveg, sem að meðaltali er í kringum fimmtugt. Ýmsar ástæður eru til fyrir því að konur fari fyrr inn í tíðahvörf og má þar nefna aðgerðir þar sem leg og/eða eggjastokkar eru fjarlægð, krabbameinsmeðferð og við sjálfsónæmissjúkdóma.

Þegar hormónavörn kvenna er ekki lengur til staðar aukast líkur á hjarta- og æðasjúkdómum og því er mikilvægt fyrir þær að fylgjast með áhættuþáttum og stunda heilbrigt líferni. Þá minnkar beinmassi hratt eftir tíðahvörf og er afar mikilvægt fyrir konur að láta mæla beinþéttni sína af og til, stunda reglubundna hreyfingu og neyta kalks og D-vítamíns. Hormónaskorturinn dregur úr teygjanleika þvagrásarinnar með tilhneigingu til þvagleka og blöðruvandamála, brjóstin minnka og skreppa saman. Þetta ástand veldur líka slímhúðarþurrki í kynfærum, dregur úr næmni og ýtir undir óþægindi vegna þessa bæði almennt og við það að stunda kynlíf. Slíkt dregur úr löngun og getu, en talið er að ríflega 40% kvenna finni fyrir slíkri truflun í kjölfar tíðahvarfa.

> Allar konur ættu þó að hafa í huga að ákveðnar aðstæður, næring og venjur geta ýtt undir einkenni.

### Lykilvenjur

Yfirleitt finna konur það best sjálfar þegar breytingar verða á þessari viðkvæmu hormónastarfsemi og leita sér þá aðstoðar. Einkennin eru mismikil og hafa mismunandi áhrif á konur og umhverfi þeirra. Greiningin felst aðallega í sögunni, stundum mælingum á hormónum og jafnvel skoðun. Meðferðin byggir fyrst og fremst á meðhöndlun einkenna. Mikil umræða átti sér stað um uppbótarmeðferð og þarf að vega og meta slíkt hverju sinni, staðbundin meðferð sem beinist að slímhúð kynfæra, þunglyndis- og kvíðalyf, beinþéttnilyf og ýmislegt fleira er til.

Allar konur ættu þó að hafa í huga að ákveðnar aðstæður, næring og venjur geta ýtt undir einkenni. Reykingar geta til dæmis flýtt fyrir tíðahvörfum, aukið einkenni þeirra og líkurnar á hjarta- og æðasjúkdómum, beinþynningu og krabbameinum. Skynsamlegt er að draga úr koffíndrykkjum, það bætir svefn og dregur úr hitakófi. Stunda kynlíf reglubundið, en slíkt eykur blóðflæði og viðheldur slímhúð kynfæra, ef þarf með hjálp sleipiefnis. Draga úr streitu, gera slökunaræfingar og grindarbotnsæfingar auk þess að stunda reglubundna hreyfingu og jafnvægi í mataræði. Lykilvenjur sem geta haft afgerandi áhrif á lífsánægju kvenna á þessu tímabili í lífi þeirra.

# Allir geta átt líf



SKIPULAG
**Þorgeir Gestsson**
sérfræðingur í tauga- og lyflækningum í Stokkhólmi

Það er ljóst að margir sem eru fylgjandi því að flugvöllur sé til staðar í Vatnsmýri nefna sjúkraflugið sem aðalástæðu fyrir þeirri skoðun sinni. Ýmsir þeirra segja að það séu til næg svæði önnur til að byggja. Ef fólksfjölgun er viðvarandi munu þessi svæði þó einnig að lokum fyllast og uppbygging utarlega heldur áfram.

Eru einhver neikvæð áhrif af því fyrir bráðveikt fólk að búa í t.d. Úlfarsárdal miðað við að búa í Vatnsmýri?

Rannsókn sem gæti svarað þessari spurningu var birt í Emergency Medical Journal árið 2007. Höfundarnir, Nicholl o.fl., athuguðu hvernig 10.315 sjúklingum í bráðri lífshættu reiddi af miðað við fjarlægð í beinni loftlínu frá sjúkrahúsinu sem tók fólkið til meðhöndlunar. Niðurstaðan var að fyrir hvern kílómetra sem fjarlægð jókst um jukust dánarlíkur viðkomandi einstaklings um 2%. Úlfarsárdalur er u.þ.b. 8-9 km fjær Landspítala en Vatnsmýrin, sem myndi þýða að bráð veikindi þar hefðu í för með sér um 15-20% auknar líkur á láti sjúklingsins.

Höfundarnir reikna út að þessi munur nægi til að skýra 1% allra dauðsfalla, þegar fjarlægð til sjúkrahúss er komin yfir 10 km. Nokkrir útreikningar til viðbótar gefa manni þá um það bil 1,5 viðbótardauðsföll árlega ef byggt er í Úlfarsárdal í stað Vatnsmýrar, miðað við 20.000 manna byggð. Sumir hafa lagt til flutning Landspítalans til Keflavíkur. Það myndi leggjast misþungt á sveitarfélögin eftir því hvernig þau eru staðsett með tilliti til Keflavíkur en gróflega áætlað myndu tapast 50 mannslíf á ári á höfuðborgarsvæðinu.

Til þess að sjúklingur af landsbyggðinni verði fyrir skaða vegna aukins flutningstíma verður hann í fyrsta lagi að þurfa inngrip sem eru oftast ekki á færi lækna í heimabyggð. Það er hér sem þynnast verulega raðir þeirra sem gætu skaðast. Allir læknar hafa lært að greina og meðhöndla stóran hluta bráðra veikinda sem ógna lífi. Súrefni, vökvar, nálar og litlir hnífar eru einföld en mikilvæg meðul en allir geta einnig gefið öndunarstuðning með lyfjum eða tækjum, hjartalyf, lyf til að viðhalda blóðþrýstingi, segaleysandi meðferð, sýklalyf, rafvendingu og fleira.

Vissa innsýn í hlutfall sérhæfðra inngripa má til dæmis fá í grein í Emergency Medical Journal árið 2005 eftir Mushtaq og Ritchie, þar sem athugað var hverjar algengustu dánarorsakir fólks væru á bráðamóttökum. Fyrir stóran hluta bráðra veikinda þýðir þetta að búseta í 5 km fjarlægð frá lítilli heilbrigðisstofnun á landsbyggðinni getur verið betri en búseta í 6 km fjarlægð frá Landspítalanum.

Er sjálfgefið að tefja alla sjúkraflutninga ákveðins hóps vegna þess að sumir telja að hluti af sjúkraflutningum annars hóps tefjist?

Er öruggt að þeir tefjist?

Mitt mat er að það sé ekki óumflýjanlegt að töf yrði á sjúkraflutningum utan af landi við brotthvarf Reykjavíkurflugvallar. Það eru ýmsar ódýrar mótvægisaðgerðir mögulegar sem geta jafnað og jafnvel stytt flutningstímann frá landsbyggðinni.

# Kurteisi og málefnaleg umræða



STJÓRNMÁL
**Jón Þór Ólafsson**
þingmaður Pírata

Niðurstöður nýlegrar rannsóknar Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands um traust til Alþingis eru borðliggjandi. Þjóðin treystir ekki Alþingi og er umræðuhefð þingmanna helsta ástæðan. Um 80% landsmanna vantreysta Alþingi vegna samskiptamáta þingmanna. Meirihlutinn telur líka að það myndi auka traust Alþingis mikið ef við þingmenn sýndum hver öðrum meiri kurteisi og stunduðum málefnalegri umræðu á Alþingi.

Þetta ætti ekki að koma þingmönnum á óvart. Við sáum þetta skýrt í kosningabaráttunni í vor. Frambjóðendurnir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og Katrín Jakobsdóttir, sem voru áberandi málefnaleg og kurteis í sínum málflutningi, voru hvað eftir annað kosin af netverjum sem sigurvegarar umræðna í sjónvarpssal. Rannsókn Félagsvísindastofnunar segir að þjóðin er þreytt á karpi og virðingarleysi þingmanna sín á milli, og einnig í sinn garð. Hún sýnir að þjóðin vill nýja umræðuhefð og að þingmenn viðurkenni mistök.

Stjórnmálahefðin á Íslandi hefur verið sú að viðurkenna ekki mistök. En nýr þingmaður Framsóknarflokksins, hann Frosti Sigurjónsson, baðst á dögunum opinberlega afsökunar á mistökum og fékk réttilega mikið lof fyrir. Nú fer hann fyrir óformlegum hópi nýrra þingmanna sem mun hittast á næstu vikum til að vinna að bættri umræðuhefð á Alþingi. Markmið hópsins er að sammælast um góð fordæmi að kurteisari og málefnalegri umræðu í þingsal. Undirritaður styður Frosta heilshugar og mun að hans beiðni starfa í hópnum. Komum okkur að verki og hleypum einhverju mikilvægara að í umræðuna.




Gítarsmíði

Lærðu að smíða Telecaster, Stratocaster eða Jazz bass frá grunni.

**Kennari:** Gunnar Örn Sigurðsson gítarsmiður.

**Námskeið:** 23. september – 28. nóvember.
Kennt er tvö kvöld í viku kl. 17:00 – 22:00, alls 100 klst.

**Verð:** 170.000 kr. Allt tréefni er innifalið. Námskeiðið er styrkhæft hjá flestum fræðslusjóðum stéttarfélaga.

**Skráning og nánari upplýsingar:** Sími 514 9602
www.tskoli.is/gitar | endurmenntun@tskoli.is

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is





**Gorenje** frystiskápur
Áður 179.900 kr.
Hausttilboð 129.900 kr.
Þú sparar **50.000 kr.**

PIPAR\TBWA · SÍA · 132366

Gorenje frystiskápur F6151AW • Nýtanlegt rými frystihólfs 206 lítrar
Frystigeta 18kg/dag • Hljóðstyrkur 40 dB • Orkunýtni A+
Breidd 60 cm, hæð 145 cm, dýpt 64 cm • 6 skúffur • 5 ára ábyrgð

Reykjavík
Skútuvogur 1
Sími 562 4011

Akureyri
Draupnisgata 2
Sími 460 0800

RÖNNING



†

Ástkær móðir, tengdamóðir,
amma og systir,

**ÁSRÚN AMALÍA ZOPHÓNÍASDÓTTIR**
**Álftamýri 34, Reykjavík,**

lést hinn 6. september síðastliðinn.
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju
fimmtudaginn 19. september kl. 13.00.
Jarðsett verður frá Þingmúlakirkju
laugardaginn 21. september kl. 14.00.

**Arnar Þór Sævarsson** **Gerður Beta Jóhannsdóttir**
**Arnar Freyr Arnarsson**
**Ásrún Inga Arnarsdóttir**
**Eyrún Anna Arnarsdóttir**
**og systkini hinnar látnu.**

---



†

Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**MAGNÚS EINARSSON**
**lögg. fasteignasali,**
**Skúlagötu 10, Reykjavík,**

verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju
föstudaginn 20. september kl. 13.00.

**Guðrún Þ. Jóhannsdóttir**
**Einar Þór Magnússon** **Hanna Símonardóttir**
**Elvar Örn Magnússon** **Anna María Snorradóttir**
**Agnar Már Magnússon** **Berglind Helga Sigurþórsdóttir**
**og barnabörn.**

---



†

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGÞRÚÐUR KRISTÍN GUNNARSDÓTTIR**
**Boðaþingi 6,**

lést á heimili sínu fimmtudaginn
12. september. Útförin verður auglýst síðar.

**Jón Óskar Carlsson**
**Róbert Örn Jónsson**
**Karl Ómar Jónsson** **Berglind Tryggvadóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---



†

Okkar ástkæra

**HALLVEIG HALLDÓRSDÓTTIR**
**Sólheimum 24,**

sem lést á gjörgæsludeild Landspítalans í
Fossvogi þann 9. september, verður jarðsett
frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 19. september kl. 13.00.

**Guðríður Axelsdóttir** **Friðrik Káranson**
**Viktor Ólason** **Inga Eiríksdóttir**
**Sigurður Axel Ólason** **Carlotta Tate Ólason**
**Steinunn Kr. Friðriksdóttir**
**Valgeir Guðjónsson** **Ásta Kristrún Ragnarsdóttir**
**Sigríður Anna Guðjónsdóttir** **Ragnar Björn Marteinsson**
**Guðrún Arna Guðjónsdóttir** **Tryggvi Tryggvason**
**og fjölskyldur.**

---



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**SIGURLAUG JAKOBSDÓTTIR**
**Strikinu 12, Garðabæ,**
**áður til heimilis á Akureyri,**

lést á líknardeild Landspítalans 8. september.
Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju
föstudaginn 20. september kl. 13.30.

**Gunnar Valur Guðbrandsson** **Margrét Jóhannsdóttir**
**Matthildur Guðbrandsdóttir** **Baldur Björnsson**
**Ásta Guðrún Guðbrandsdóttir** **Björn Eiríksson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

**Haustútsalan**
er hafin hjá Graníthöllinni
Mikið úrval fallegra legsteina
sjá nánar á granithollin.is



Graníthöllin legsteinar
Bæjarhrauni 26 - Hafnarfirði
Sími 555 38 88

---

# Lokar hringnum á Mokka

**Myndlistarmaðurinn Haukur Dór hefur opnað sýninguna Föstudagurinn langi á Mokka, fimmtíu árum eftir að hann hélt fyrstu sýningu sína á kaffihúsinu. Hann segir sýninguna verða þá síðustu sem hann stendur fyrir sjálfur, enda löngu orðinn þreyttur á stússinu.**

Þetta er tímamótasýning hjá mér að mörgu leyti og líka svolítið skrýtin sýning," segir myndlistarmaðurinn Haukur Dór, sem hefur opnað sýningu á Mokka, fimmtíu árum eftir að hann hélt sína fyrstu sýningu á kaffihúsinu sögufræga á Skólavörðustígnum sumarið 1963.

Haukur, sem er fæddur árið 1940 og stundaði meðal annars nám við Edinburgh College of Art, Konunglegu listaakademíuna í Kaupmannahöfn og Visual Art Center í Maryland í Bandaríkjunum, hefur unnið að leirlist og myndlist á Íslandi, í Danmörku, Spáni og Bandaríkjunum. Í dag helgar hann sig málaralistinni alfarið. Haukur man vel eftir fyrstu sýningu sinni á Mokka fyrir fimm áratugum og hefur auk þess hresst upp á minnið með því að skoða gamlar blaðaúrklippur frá þeim tíma sem eru til sýnis á Mokka af þessu tilefni.

„Ég var kornungur þá, hafði lokið einu ári af námi mínu í Edinborg og fór heim til að halda sýningu, en ég vann líka hjá leirbrennslunni Glit á Óðinsgötu. Þar var Ragnar Kjartansson aðalmaðurinn, afi alnafna síns listamannsins sem nú gerir allt vitlaust úti um allar trissur. Hann kenndi mér á kvöldin í myndlistarskólanum og bar mikla ábyrgð því að ég fór út í þetta nám því hann hvatti mig eindregið til þess," segir Haukur Dór.



**TÍMAMÓTASÝNING** Verkin á sýningu Hauks Dórs á Mokka eru tilbrigði við krossfestinguna, en fyrri kona myndlistarmannsins lést á föstudaginn langa og því eru myndirnar ekki til sölu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þessi tímamótasýning á Mokka nefnist Föstudagurinn langi og samanstendur af fimmtán verkum sem flest eru frá síðustu árum. „Þetta eru allt tilbrigði við krossfestingu, en þannig vill til að fyrri konan mín lést á föstudaginn langa fyrir tæpum tuttugu árum. Þess vegna eru verkin á sýningunni ekki til sölu, því ég get ekki haft þennan dag að féþúfu. Það verður að koma í ljós hvað ég geri við verkin eftir sýninguna en kannski læt ég útbúa bók sem verður þá hugsuð fyrir vini og vandamenn," útskýrir Haukur Dór og bætir við að sýningin, sem stendur yfir til 14. október, verði sú síðasta sem hann stendur sjálfur fyrir.

„Ég ætla að loka hringnum hér. Mér hafa alltaf leiðst opnanir á sýningum en á Mokka eru engar opnanir heldur hengir maður bara upp myndirnar og svo koma kaffigestirnir með tímanum, sem er gott mál. Það hefur því lengi blundað í mér að hætta þessu sýningastússi en ég er ekki hættur að mála. Ég á eftir að gaufa í því fram í andlátið," segir Haukur Dór.

kjartan@frettabladid.is

---



†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og
hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar
móður okkar, tengdamóður,
ömmu og langömmu,

**GUÐRÚNAR MARGRÉTAR SÖLVADÓTTUR**
**frá Efri-Miðvík í Aðalvík,**
**Norðurbrún 1,**
**áður til heimilis að Álftamýri 38.**

**Marta Lunddal Friðriksdóttir** **Gestur Halldórsson**
**Ásta Lunddal Friðriksdóttir** **Eðvarð Björgvinsson**
**Gunnar Lunddal Friðriksson** **Helena Bragadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**ÞÓRÐUR ÞÓRÐARSON**
**áður til heimilis að Skálholti 17, Ólafsvík,**

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Jaðri,
Ólafsvík laugardaginn 14. september.
Jarðarförin fer fram frá Ólafsvíkurkirkju
laugardaginn 21. september kl. 14.00.

**Egill Þórðarson** **Yoko A. Þórðarson**
**Þórður Þórðarson** **Kari Heidenreich Raa**
**Karitas Anna Þórðardóttir** **Guðjón Elísson**
**Svanfríður Þórðardóttir** **Björn Arnaldsson**
**Guðríður Þórðardóttir** **Björn Hilmarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Elsku móðir mín, amma og langamma,

**GUÐRÍÐUR ÁRMANNSDÓTTIR**
**ljósmóðir frá Myrká,**

lést á Dvalarheimilinu Hlíð 12. september.
Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju
fimmtudaginn 19. september kl. 13.30.

**Hreinn Hrafnsson**
**Elvý Guðríður Hreinsdóttir** **Eyþór Ingi Jónsson**
**Óðinn Snær Óðinsson**
**Birkir Blær Óðinsson**
**Hreinn Orri Óðinsson**

---



†

Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**SVERRIR BJARNASON**
**húsasmiður og bólstrari,**
**Gullsmára 11, áður til heimilis**
**að Ljósabergi 8, Hafnarfirði,**

sem lést föstudaginn 13. september,
verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði
föstudaginn 20. september kl. 13.00.

**Sigurrós Sverrisdóttir** **Sigurjón Ingi Ingólfsson**
**Lillý Halldóra Sverrisdóttir**
**Björn Sverrisson** **Elísabet Benónýsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Elskuleg eiginkona mín,
móðir, tengdamóðir og amma,

**ANNA SIGRÚN BÖÐVARSDÓTTIR**
**Ásakór 5, Kópavogi,**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi
laugardaginn 14. september.

**Sigurður Sigfússon**
**Sigurður Óli Sigurðarson** **Camilla Ósk Hákonardóttir**
**Svavar Sigurðarson** **Vaka Önnudóttir**
**Karen Lind Sigurðardóttir**
**og aðrir aðstandendur.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



**MÁLÞING**
**Embætti landlæknis stendur fyrir málþingi um geðrækt þann 20. september. Tilefnið er að margir framhaldsskólar hefja nú þemaár geðræktar á vegum verkefnisins Heilsueflandi framhaldsskóli.**


ÚRVAL AF FALLEGUM YFIRHÖFNUM!
ERUM MEÐ ÚLPUR Í MÖRGUM LITUM
Opið laugardaga 12:00-15:00
BASLER Parísar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770



FLOTTUR!



stækkar þig um númer,
fæst í 70-85B OG 75-85C á kr. 5.800,-
buxur við á kr. 1.995,-
Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
lokað á laugardögum í sumar
Vertu vinur

Meirapróf



ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD
Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737
Næsta námskeið hefst 18. sept 2013




# MATARSAGAN ER ALLT Í KRING

**Á SÖGUSLÓÐUM** *Gangan Fæðuhringurinn í miðborg Reykjavíkur, saga matar frá landnámi til okkar daga, verður farin laugardaginn 21. september.*

Matarsagan er samofin sögu þjóðarinnar. Hún segir sögur allra, bæði almúgans og höfðingja, hversdags og um hátíðir," segir Laufey Steingrímsdóttir, prófessor við matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands. Hún mun, ásamt Guðrúnu Hallgrímsdóttur matvælaverkfræðingi og Sólveigu Ólafsdóttur sagnfræðingi, leiða gönguferð á laugardaginn komandi þar sem matur, saga og menning verða meginefnið.

Laufey segir Reykjavík uppfulla af matarsögu. „Reykjavík var lengst af sveit og sjávarpláss, en þegar kom fram á nítjándu öld var hún einnig aðsetur mennta- og embættismanna auk erlendra kaupmanna. Hér voru veitingahús og fínar verslanir innan um kálgarða, fjóshauga, salfiskstæður og vatnsbera sem sliguðust með vatnsfötur í hús úr brunnum bæjarins," lýsir hún. Á göngunni munu þær segja sögur af stöðum, fólki og siðum sem tengjast mat.

Gangan hefst klukkan 11 á horni Aðalstrætis og Túngötu. „Þar hafa fundist elstu minjar um byggð á Íslandi og við gerum því ráð fyrir því að þau Ingólfur og Hallveig hafi búið þar og etið sinn geirfugl, sel, fisk, bygggraut og hvað eina," segir Laufey um upphafsstað göngunnar. Gengið er á Austurvöll þar sem þær stöllur munu segja frá fjárrekstri úr nærliggjandi sveitum, stórkarlalegum aðferðum við sauðfjárslátrun og áfengisbanninu. „Við förum að tjörninni og síðan að Lækjartorgi þar sem við segjum frá matjurtagörðum sem þar voru í nágrenninu, rúgbrauðsgerðinni, rauðmagavögnum og mjólkursöludrengjum með pelamál," lýsir Laufey glaðlega. Þá er ferðinni heitið að athafnasvæði Thomsens magasin. „Þar var glæsileg verslun með mörgum deildum þar sem hægt var að kaupa tilbúinn mat og taka með sér. Þar var einnig hægt að fá alls konar fínar innfluttar matvörur," segir Laufey en einnig munu þær segja sögur af ýmsum veitingahúsum og krám, segja frá fyrstu hamborgarabúllunum og ísgerðinni auk annars.

Ferðinni lýkur við gömlu höfnina, sem tengist sterkt matarsögu Reykjavíkur bæði í dag og fyrr á tímum. „Gangan er því ekki löng en hægt verður farið yfir enda liggur okkur mikið á hjarta," segir Laufey en túrinn tekur um tvo tíma. Laufey bendir fólki því á að vera vel búið. „Síðan getur fólk lokið ferðinni með því að fá sér hressingu á einhverju af veitingahúsunum við gömlu höfnina," segir hún glettin.

solveig@365.is

**MEÐ BRENNANDI MATARÁHUGA**
Guðrún Hallgrímsdóttir, Sólveig Ólafsdóttir og Laufey Steingrímsdóttir munu leiða fólk um götur miðborgarinnar og segja sögur af mat og menningu.
MYND/GVA

## ATHUGIÐ
Gangan er hluti af verkefninu Með fróðleik í fararnesti, sem hófst á aldarafmæli Háskóla Íslands árið 2011. Gangan stendur frá 11 til 13. Þátttaka er ókeypis og allir eru velkomnir.





Gjöf handa þér og þínum
Tékk KRISTALL
www.tk.is
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447



# BEST AÐ EIGNAST BÖRN FYRIR 35 ÁRA

*ÓFRJÓSEMI Breski prófessorinn Mary Herbert hefur vakið mikla athygli í heimalandinu eftir að hún hvatti konur til að huga að barnsfæðingum fyrir 35 ára aldurinn. Helmingur nýfæddra barna í Bretlandi á móður sem er komin yfir þrítugt.*

Ebba Margrét Magnúsdóttir, sérfræðingur á Kvennadeild Landspítala, segir að þessi tilhneiging sé einnig hér á landi og reyndar um alla Evrópu. „Við höfum verið að upplifa þetta hér. Konur eru uppteknar við að mennta sig og huga að metnaði í starfi en barnsfæðingar hafa þurft að bíða,“ segir hún. „Meðganga og fæðing gengur betur hjá yngri konum og þess vegna er það ákjósanlegra að koma með fyrsta barn fyrir 35 ára aldur. Frjósemin minnkar auk þess með aldrinum og líkur á litningagöllum aukast, auk þess sem meiri hætta er á meðgöngukvillum á borð við háþrýsting og sykursýki,“ upplýsir Ebba.

„Við höfum reyndar góða tækni til að fylgjast með þessu eins og fósturgreiningar, hnakkamælingar og legvatnsstungur. Hins vegar er það staðreynd að ef kona er með einhvers konar heilsuvandamál, háan blóðþrýsting eða hún er of þung, verður meðgangan erfiðari eftir því sem hún er eldri,“ segir Ebba.

### EIGA BÖRN YFIR FIMMTUGT

Því eldri sem konan er, þeim mun meiri hætta er á ófrjósemi. „Ófrjósemi eykst með aldrinum. Konur hafa engu að síður verið að eiga börn fram yfir fimmtugt. Það er orðið nokkuð algengt að konur gangi með börn á aldrinum 40-45 ára og mér virðist vera aukning í barnsfæðingum á þeim aldri þótt ég sé ekki með neinar tölur um það,“ segir Ebba, en vel er fylgst með þeim konum á meðgöngu. Konur undir fertugu geta farið á breytingaskeið, það er ótímabær tíðahvörf, en Ebba segir það ekki algengt.

Þegar Ebba er spurð hvort hún hvetji konur til að eiga börnin yngri, svarar hún: „Ég held að það sé mikilvægt fyrir fólk að gera ráð fyrir barneignum í lífi sínu. Ef konur vilja eiga tvö börn eða fleiri er ekki gott að byrja seint. Það gengur ekki alltaf að verða barnshafandi þegar fólk óskar þess og ófrjósemi tekur mjög á fólk. Þegar konur eru orðnar 35 ára hefst líka baráttan við klukkuna.“

### AUKIN HÆTTA

Mary Herbert, sem er líffræðingur, segir að það sé nauðsynlegt að upplýsa konur um þá áhættu sem þær taka með því að seinka barneignum. „Starfsferillinn á ekki að vera afsökun,“ segir hún. „Ég myndi að minnsta kosti hafa áhyggjur af dóttur minni ef hún væri ekki komin með barn 35 ára. Konur þurfa að eiga börn áður en klukkan slær 12,“ segir Mary og bætir við að ófrjósemi aukist mikið með aldrinum. Fæðingar kvenna sem eru hátt á fertugsaldri hafa þrefaldast í Bretlandi á undanförnum árum. „Á þeim aldri er hættan meiri á að börn fæðist andvana eða með litningagalla eins og Downsheilkenni,“ segir Mary.

elin@365.is

**NÝFÆDDUR** Konur í Bretlandi eru hvattar til að huga fyrr að barneignum og helst fyrir 35 ára aldur.



**SAMMÁLA** Ebba Margrét segir að hér á landi hafi aldur verðandi mæðra hækkað að eins og annars staðar í Evrópu.




















# VEISLA FYRIR AUGUN Í FRANKFURT

**Nær allir bílaframleiðendur sýna bíla sína á þessari stærstu bílasýningu í Evrópu á 230.000 fermetrum.**

Mikið er um dýrðir á bílasýningunni sem nú stendur yfir í Frankfurt í Þýskalandi. Bílablað Fréttablaðsins var á staðnum í síðustu viku, fyrstu daga sýningarinnar sem ætlaðir eru blaðamönnum. Nærfellt allir bílaframleiðendur eru á sýningunni og sýnendur í heild tæplega 1.100 talsins. Fjöldi bíla á sýningunni er á annað þúsund. Mikil upplifun er að koma á þessa sýningu, sem er ævinlega talin sú mikilvægasta og stærsta í Evrópu á hverju ári. Stærð sýningarhallanna, sem eru margar, er nánast ógnvænleg og heildarstærð sýningarsvæðisins er 230.000 fermetrar. Til samanburðar var Kringlan 30.000 fermetrar er hún opnaði.

**Hugmyndabílar til að kanna viðbrögð**

Dvelja þarf í nokkra daga til að komast með góðu móti yfir sýninguna alla, en þó nokkuð margir sýnenda eru ekki bílaframleiðendur heldur íhlutaframleiðendur eða tengjast bílgreininni. Á tveimur dögum má þó sjá svo til alla bíla sýningarinnar og flokkast það undir hátíðarveislu fyrir bílaáhugamenn. Margir bílaframleiðendur kynntu nýja hugmyndabíla, sem allsendis óvíst er að fari í framleiðslu. Það eru einmitt viðbrögð almennings og blaðamanna á svona sýningum sem ráða mestu um hvort slíkir bílar verða að framleiðslubílum eða hilluskrauti.

Ávallt er mikið um frumsýningar nýrra bíla eða á nýjum kynslóðum þekktra bíla. Myndir af sumum þeirra hafa lekið út fyrir frumsýningu þeirra en aðrir hafa sloppið við slíkt og þess athygliverðara að sjá þá meðal fyrstu manna. Mjög einkennandi fyrir sýninguna í ár er áhersla bílaframleiðenda á rafmagnsbíla og bíla með tvinntækni. Svo til allir framleiðendur sýndu þannig bíla og greinilegt er að enginn þeirra vill missa af lestinni þar. Þessi sýning nú í Frankfurt mun öðru fremur skilja eftir sig þessa áherslu og því virðist framtíð rafmagnsbíla vera björt.

**Þýskir með sér sýningarhallir**

Hreint ótrúlegt er að sjá hversu mikið bílaframleiðendur leggja í sín sýningarsvæði. Nokkrir þeirra eru með sérhús og eru þau engin smásmíði. Á þetta helst við um þýsku bílaframleiðendurna, enda eru þeir þarna á heimavelli. Sýningarhús Audi vakti líklega mesta athygli en húsið tók Audi með sér og reisti á svæðinu. Glæsileiki þess var inn er komið var slíkur að andlitið ætlaði hreinlega að detta af og fallegir bílar Audi rímuðu vel við.

Mercedes Benz og BMW voru líka með eigin hallir, stórglæsilegar, og hjá BMW var heillöng akstursbraut sem náði bæði undir og yfir sýningargesti. Þar var ekið með gesti í rafmagnsbílnum BMW i3 og fleiri gerðum BMW-bíla. Stærsti einstaki sýnandinn var þó Volkswagen, sem var í stærstu sýningarhöllinni ásamt öllum öðrum bílamerkjum sem tilheyra Volkswagen-stórfjölskyldunni nema Audi. Volkswagen sýndi 56 bíla af öllu færri bílgerðum en í mismunandi útfærslum. Undir Volkswagen og undirmerki þess dugði ekkert minna en 19.000 fermetrar.

**Enn fylgja fögrum bílum fögur fljóð**

Athyglivert er að upplifa mismuninn á þeim dögum sem eingöngu eru ætlaðir blaðamönnum og svo almenningi. Á blaðamannadögunum, þar sem myndavélar þeirra smella ótt og títt, er vart þverfótað fyrir fallegum stúlkum sem standa við bílana og setja sig í viðeigandi stellingar og með helfrosið bros eftir erfiðan dag. Þeim fækkar mjög er kemur að dögunum fyrir almenning. Vera hinna fögru fljóða á þessum sýningum hefur orðið mörgum femínistanum skotspónn, en svo virðist sem það sé alls ekki á undanhaldi að para saman fagrar stúlkur og flotta bíla á bílasýningum. Á blaðamannadögunum eru miklu færri gestir og mjög rúmt um þá sem vilja ná góðum myndum af bílunum.












**OPEL ASTRA GTC**

**1,4 BENSÍNVÉL, 140 HESTÖFL**
**Framhjóladrif**

**Eyðsla** 6,1 l/100 km í bl. akstri

**Mengun** 159 g/km $CO_2$
**Hröðun** 10,1 sek.
**Hámarkshraði** 200 km/klst.
**Verð frá** 5.190.000 kr.
**Umboð** BL


Opel Astra GTC er sportútgáfa af hinum hefðbundna Astra og fá má hann með þremur misaflmiklum vélum.

# GLERHÖRÐ SNOPPUFRÍÐ SPORTÚTGÁFA OPEL ASTRA

## Er með sportlega eiginleika og mjög stífa fjöðrun en skortir afl.

**OPEL ASTRA GTC**
**Finnur Thorlacius** reynsluekur

Opel-bílamerkið hefur ekki verið mjög áberandi hér á landi á síðustu árum, enda ekki svo langt síðan að bílar þess voru aftur í boði eftir nokkurra ára fjarveru. Opel er einn af hinum góðu þýsku bílaframleiðendum og þó svo að merki þess sé ekki eins þekkt og flestra hinna, stendur Opel-merkið fyrir gæði og góða smíð. Því til vitnis hefur Opel hlotið margs konar viðurkenningar fyrir bíla sína á síðustu árum og bilanatíðni þeirra er meðal þeirra allra lægstu. Opel smíðar bíla í flestum stærðarflokkum, en einn hinna smærri er Opel Astra. Hann kemur í nokkrum útfærslum og ein þeirra er einkennd með stöfunum GTC og er það sportlegasta útfærsla Astra. Sá bíll var tekinn til kostanna og honum ekið af mikilli áfergju fyrir stuttu.

Svo breitt er úrvalið á Opel Astra að eingöngu í GTC-útfærslu hans má fá þrjár gerðir. Sú aflminnsta er með 140 hestafla bensínvél, en einnig má fá hann með 170 og 280 hestafla vélum. Reynd var aflminnsta útfærsla bílsins með sjálfskiptingu en hann er eingöngu í boði með þá skiptingu. Athygli vekur að aðeins munar tvö hundruð þúsund krónum á þessum bíl og 180 hestafla útfærslu hans með beinskiptingu, en þannig vilja vafalaust flestir kaupendur svona sportbíls hafa hann. Verð reynsluakstursbílsins er 5.190.000 krónur en sá aflmeiri og beinskipti er á 5.390.000. Það var því reynsluökumanni næsta óskiljanlegt af hverju sá aflminni var fluttur inn yfir höfuð en sá aflmeiri sást ekki.

### Fríður bíll með glerharða fjöðrun

Þegar sest er inn í Opel Astra CTC verður það ökumanni strax ljóst að þar fer sportlegur bíll. Sætin eru hörð en halda vel utan um ökumann. Um leið og lagt er af stað eykst þessi tilfinning ef eitthvað er því fjöðrun bílsins er glerhörð, eins og eðlilegt er fyrir sportbíl. Útlit bílsins rímar einnig við þessa sportlegu eiginleika hans, coupe-lagið og að hann er tveggja hurða. Hurðirnar eru fyrir vikið ansi stórar og þungar en stærð þeirra er einnig kostur hvað það varðar að ekki er þröngt að komast í aftursætin.

Það skal þó tekið fram að Opel Astra GTC er ekki með hreinræktað coupe-lag heldur er hann í fremur litlum flokki sem meðal annars inniheldur bíla eins og Volkswagen Scirocco og Hyundai Velostar þar sem genin liggja á milli coupe-útlits og hefðbundins útlits venjulegra fólksbíla. Svo ólíkur er Astra GTC-bíllinn hefðbundnum Astra að enginn hlutur í ytra byrði hans er sameiginlegur fimm dyra bílnum. Að mati reynsluökumanns er þessi GTC-bíll talsvert fallegri en hin venjulega Astra. Þó svo að Astra sé næstminnsti bíll Opel á eftir Corsa er þetta ekki svo smár bíll. Vel fer um fjóra farþega en ekki er hægt að mæla með þeim fimmta, nema smár sé.

### Stærri en sýnist í fyrstu

Þegar inn í bílinn er komið er þó alls ekki mikill munur á venjulegum Astra-bíl og GTC-bílnum. Flest í innréttingunni virðist vera eins og alveg hægt að ruglast á þeim hvað það varðar. Með þessu hefur Opel vonandi sparað sér heilmikinn þróunarkostnað en fyrir vikið er fátt sem segir ökumanni að hann sé staddur í sportbíl því engir sportstælar eru þar áberandi. Allt er þó greinilega vel smíðað eins og algilt er um bíla Opel. Báðir eiga bílarnir þó það sameiginlegt að neðarlega er setið í bílnum og það er helst sú staðreynd sem gefur sporttilfinningu. Vegna þess að bíllinn er tveggja dyra er langt að sækja bílbeltið fyrir aftan ökumann og eins gott að vinstri öxlin sé liðug til að ná í beltið.

Gluggar bílsins eru litlir, eins og títt er með sportlega bíla, og fyrir vikið er útsýnið úr bílnum ekki með besta móti og afturglugginn er svo smár að erfiðleikum getur verið bundið að leggja bílnum í stæði. Nægt pláss er þó bæði fyrir framsætisfarþega og í aftursætinu og fótarými er alls ekki skert þar. Athyglivert má telja að skottrýmið er ári gott og 30 lítrum stærra en í venjulegum Astra og telst 380 lítrar. Alls ekki slæmt fyrir bíl í þessum flokki.

### Kraftmeiri útfærsla bílsins heillar

Bæði bil á milli hjóla og öxla er meira en í fimm dyra bílnum og ekki aðeins bætir það akstursgeiginleika bílsins heldur einnig innanrými hans. GTC-bíllinn hefur fengið HiPerStrut-fjöðrunarbúnaðinn að láni frá stærri bróður hans, Opel Insignia. Fjöðrunin er glerhörð, sem við mátti svo sem búast af svona bíl, en hún er eiginlega of hörð, sérstaklega í ljósi þess að ekki er um mjög öflugan bíl að ræða, aðeins 140 hestöfl. Því hefði verið meira við hæfi að vera með 170 hestafla útfærslu hans með þessari stífu fjöðrun. Að auki væri betra að hafa bílinn beinskiptan, það hæfir ein-

BÍLAR
www.visir.is/bilar
Umsjón blaðsins: Finnur Thorlacius, finnurth@365.is
Útgáfufélag: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Auglýsingar: Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbirgir@365.is, Sími 5125432
Hönnun: Silja Ástþórsdóttir, siljaa@frettabladid.is

- Ónógt afl
- Hörð fjöðrun
- Verð

- Fegurð
- Stærð
- Skottrými






**Innrétting Opel Astra GTC er í megindráttum sú sama og í hefðbundnum Astra.**

faldlega ekki svona bíl að vera sjálfskiptur. Þarna hlýtur Opel að vera að hugsa um markhópinn sem alls ekki vill beinskiptingu, en þeir hinir sömu ættu bara að fá sér venjulegan Astrabíl og spara sér verðmuninn sem þar er á milli.

Akstурseiginleikar bílsins eru nokkuð góðir en ná engu að síður ekki mörgum af keppinautum hans, sem svo til allir koma með öflugri vélum og liggja enn betur í krefjandi akstri. Fyrir svona bíl er vélin of afllítil og því er ekki hægt annað en að mæla frekar með 170 hestafla útfærslunni með beinskiptingu. Furðu sætir að hann er aðeins tvö hundruð þúsundum dýrari og fyrir vikið örugglega ágæt kaup. Þó má segja að hann er samt kominn hættulega nálægt verði Volkswagen Golf GTI, sem er með 220 hestafla vél, og Kia Pro cee´d GT með 201 hestafla vél. Það verður samt ekki tekið af þessum bíl að hann er fallegur og vakti athygli á vegunum.




Angela Merkel á bílasýningunni í Frankfurt sem nú stendur yfir.

# Merkel varar Evrópusambandið við

Angela Merkel, kanslari Þýskalands, var á bílasýningunni í Frankfurt í síðustu viku, eins og reyndar bílablað Fréttablaðsins. Þar hélt hún tölu sem eftir var tekið og varaði í henni Evrópusambandið við að setja þýskum bílaframleiðendum of strangar reglur um meðaltalslosun koltvísýrings fyrir komandi ár.

Hjá Evrópusambandinu liggur einmitt fyrir tillaga sem setur mörk $CO_2$-mengunar við 95 g/km fyrir árið 2020. Mörkin sem sett voru síðast og tóku gildi í fyrra miða við 132,4 g/km. Merkel hefur beitt áhrifum sínum innan Evrópusambandsins og neitar að samþykkja þessa tillögu með þeim rökum að hún gangi of langt og sé beinlínis hættuleg fyrir bílaiðnaðinn.

Merkel sagði enn fremur að Evrópu yrði að lærast að álfan væri ekki einangruð frá öðrum og að gera yrði evrópskum fyrirtækjum kleift að ná árangri í samkeppni við lönd annarra heimsálfa. Þessi tillaga gengi ekki í takt við það og væri langt umfram það sem stjórnir annarra bílaframleiðslulanda settu sínum framleiðendum. Forstjórar þýsku bílaframleiðendanna voru henni mjög sammála og töldu að afdrif þeirra fyrirtækja ættu ekki að ráðast við borð hinna háu herra í Brussel.

Kauptu betri vetrardekk hjá Max1
- Margverðlaunuð Nokian gæðadekk sem veita öryggi
Nokian er leiðandi í framleiðslu dekkja sem eru sérstaklega hönnuð fyrir krefjandi aðstæður norðlægra slóða. Nokian dekk veita öryggi og minnka eldsneytisnotkun. Þau veita jafnframt mýkt og þægindi í akstri.
nokian TYRES
Max1 bílavaktin og Nokian uppfylla ESB reglur um hjólbarðamerkingar. Fáðu ráðgjöf.
VAXTALAUSAR 12 MÁN. AFBORGANIR 1,5 % lántökugj.
Ekki fórna öregginu í vetur. Veldu gæðadekk frá Nokian.
Mundu að grip dekkjana er aðeins fjórir lófastórir fletir.
Fáðu ráðgjöf frá sérfræðingum við val á dekkjum.
Komdu á Max1 Bílavaktina.


VETRAR- OG HEILSÁRSDEKK
NOKIAN WRD3

Verðlaunað fyrir frábæra eiginleika í snjó, bleytu og á þurru undirlagi.
Gott verð og minni eldsneytiseyðsla.
Góðir umhverfiseiginleikar.
NAGLADEKK
NOKIAN HP 8
NÝ TEGUND

Öruggasta og besta nagladekkið 2013 skv. könnun ZaRulem.
Góð ending, minni eldsneytiseyðsla og hljótlátt.
Minna vegslit og góðir umhverfiseiginleikar.
Verksmiðjuneglt með akkerisnöglum.
VETRARDEKK (ÓNEGLT)
NOKIAN HP R2
NÝ TEGUND

Öruggasta og besta óneglda vetrardekkið 2013 skv. könnun ZaRulem.
Ný gúmmíblanda veitir frábært grip í snjó og ís.
Byltingarkennt loftbóludekk með silica crystal trefjum.
Reykjavík:
Bíldshöfða 5a, sími 515 7190
Jafnaseli 6, sími 515 7190
Knarrarvogi 2, sími 515 7190
Hafnarfjörður:
Dalshrauni 5, sími 515 7190
Opnunartími:
Allar stöðvar opnar virka daga kl. 8-17.
Laugardaga opið Bíldshöfða 5a kl. 9-13.
Nánari upplýsingar:
max1.is
MAX1 BÍLAVAKTIN

# Ætlar Volvo að storka BMW 7 og Audi A8?

Eitt af útspilum Volvo á bílasýningunni í Frankfurt er þessi gullfallegi hugmyndabíll, Volvo Concept Coupe. Hvað Volvo ætlar sér með þessum bíl er hins vegar áleitin spurning. Sumir vilja meina að Volvo, sem flokkast sem lúxusbílaframleiðandi, ætli ekki lengur að leyfa BMW og Audi að eiga markaðinn fyrir stærri lúxusbíla sem ekki kosta hvítuna úr augunum, heldur ætli að tefla fram bíl á næstunni sem keppi við Audi A8 og BMW 7-línuna. Eigandi Volvo er kínverski bílaframleiðandinn Geely og þar á bæ virðist vera áhugi á slíku þó svo að stefna nýhætts forstjóra Volvo hafi verið að smíða ekki bíl í þessum flokki, heldur halda sig við minni og ódýrari fjöldasölubíla. Volvo áformar að koma fyrst fram með lengdan S80-bíl hlaðinn lúxus, en það virðist ekki ætla að duga til að uppfylla drauma stjórnarmanna í Geely. Í stefnir að framleiddur verði bíll undir nafninu S100 og hann gæti hæglega verið þessi bíll sem hér sést. Það er Thomas Ingenlath sem teiknaði þennan hugmyndabíl og Geely-menn eru afar ánægðir með hönnun hans og ætla örugglega ekki að setja þennan bíl upp á hillu sem skraut.



Volvo Coupe Concept er einn af fríðari bílunum sem nú sjást í Frankfurt.



Skoda Octavia RS

## Fleiri sportbílar frá Skoda

Síðustu fréttir úr herbúðum Skoda eru á þann veg að sportlegum bílum frá tékkneska framleiðandanum muni fjölga á næstunni. Skoda hefur í nokkurn tíma framleitt Octavia RS og Fabia vRS sportbílana. Heyrst hefur að Skoda vinni nú að sportlegum jepplingi sem hvorki verður hár frá vegi né til þaksins. Einnig segja raddir að von sé á Octavia-bíl með coupe-lagi sem verður álíka sportlegur bíll og Volkswagen CC. Á bílasýningunni í Frankfurt, sem nú stendur yfir, var forstjóri Skoda, dr. Vahland, spurður að því hvort vænta mætti fleiri sportlegra bíla og af viðbrögðum hans að dæma má einmitt eiga von á því.

Skoda hefur að mestu látið systurfyrirtæki sín, Volkswagen og Audi, um sviðið í formi tvinnbíla og hreinna rafmagnsbíla. Þó er á prjónunum að bjóða plug-in-hybrid Skoda-bíl, en nokkuð er í að svo verði. Skoda virðist því ætla að halla sér fremur í áttina að sportlegri bílum í bili og láta hinum fyrirtækjunum í Volkswagen-stórfjölskyldunni eftir þróun umhverfisvænna bíla sem byggja á nýrri tækni, en bæta henni svo í vörulínu sína þegar reynsla er komin á tæknina.



Mitsubishi Lancer Evolution

## Mitsubishi selur eigin bréf

Þrátt fyrir að japanski bílaframleiðandinn Mitsubishi stefni í 32% tekjuaukningu á þessu ári er ekki bara sólskin í herbúðum þeirra. Mitsubishi er, samkvæmt stjórnendum þess, á fyrstu stigum endurreisnar fyrirtækisins og til þess að flýta þeim bata hefur verið ákveðið að selja hluta af fyrirtækinu til fjárfesta. Meiningin er að selja hluti að virði 200 milljarða jena, sem samsvarar 244 milljörðum íslenskra króna. Mitsubishi hefur ekki greitt út arð til hluthafa sinna frá árinu 1998 og í því ljósi er ekki sama eftirspurn eftir hlutum í fyrirtækinu og í Apple eða Google.

Kaupendur þessara bréfa öðlast ekki atkvæðisrétt í stjórn Mitsubishi en á móti kemur að ef fyrirtækinu tekst að snúa rekstrinum til betra horfs hækkar virði bréfanna og eigendurnir gætu margfaldað fjárfestingu sína. Tekjuaukning Mitsubishi á þessu ári stafar helst af aukinni eftirspurn eftir bílum þess í Suðaustur-Asíu.

AVIS Langtímaleiga




Losnaðu við vesenið með langtímaleigu

Langtímaleiga AVIS er þægilegur, sveigjanlegur og umfram allt skynsamlegur kostur þegar kemur að rekstri bifreiða. Í langtímaleigu fæst nýr eða nýlegur bíll, engin útborgun, tryggingar innifaldar, engin endursöluáhætta og ekkert vesen við dekkjaskipti, olíuskipti eða smáviðhald.

AVIS Við gerum betur.

Kynntu þér málið í síma 591-4000

**2 SPORT** STERKASTA DEILD Í HEIMI

# MEISTARADEILDIN SNÝR AFTUR!

UEFA CHAMPIONS LEAGUE

Snillingarnir í Meistaradeildinni snúa aftur þegar fyrsta umferð hefst í kvöld. Man. Utd. mætir Bayer Leverkusen á meðan Ragnar Sigurðsson, Rúrik Gíslason og félagar fá Juventus í heimsókn. Annað kvöld fara Kolbeinn Sigþórs og félagar í Ajax á Nou Camp, Chelsea spilar við Basel í London og Arsenal fer til suður til Marseille.

**Fylgstu með sterkustu deild í heimi í allan vetur!**



## Í KVÖLD

| | | |
|---|---|---|
| UPPHITUN | 2 SPORT | 18:00 |
| MANCHESTER–BAYER LEVERKUSEN | 2 SPORT | 18:30 |
| FC KAUPMANNAHÖFN–JUVENTUS | 2 SPORT 3 | 18:35 |
| BAYERN MÜNCHEN–CSKA MOSKVA | 2 SPORT 4 | 18:35 |
| MEISTARAMÖRK | 2 SPORT | 20:45 |

## MIÐVIKUDAGSKVÖLD

| | | |
|---|---|---|
| UPPHITUN | 2 SPORT | 18:00 |
| BARCELONA–AJAX | 2 SPORT | 18:30 |
| CHELSEA–BASEL | 2 SPORT 4 | 18:35 |
| MARSEILLE–ARSENAL | 2 SPORT 3 | 18:35 |
| MEISTARAMÖRK | 2 SPORT | 20:45 |

FITON / SÍA

Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is

2 SPORT *besta sætið*

## Verslun

Kynlíf er GOTT!
PENOMET.IS
ELSKENDUR.IS
FLESHLIGHT.IS
BATHMATE.IS
849-0698
ALLA DAGA 10-22

## HEILSA

### Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

### Þjónusta



**DÁLEIÐSLA - EFT,**
Einkatímar, reykstopp með árangri, sjálfsefling , losun streitu og kvíða Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT. Áratuga reynsla í mannrækt S: 694 5494 www.theta.is

## Nudd

nudd nudd nudd, slökunar nudd, opið 9-24 S:8977427

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HÚSNÆÐI

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLUHÚSNÆÐIÐ AUÐNUM II, 190 VOGAR.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

Upphitað geymsluhúsnæði á Suðurnesjum fyrir tjaldvagna og fellihýsi. Uppl. í s. 865 1166.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...

## ATVINNA

### Atvinna í boði

mojo
Við á Mojo getum bætt við okkur fólki í stólaleigu, góð tækifæri framundan.
mojo.mojo@outlook.com

MOSFELLS BAKARÍ

**FULLT STARF - REYKJAVÍK**
Óskum eftir hressu og duglegu fólki til að starfa með okkur í bakríinu okkar á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. Vinnutími frá kl. 13:00-18:30 virka daga einnig annanhvern laugardag eða sunnudag.
**Áhugasamir geta sótt um á heimasíðu okkar og er slóðin www.mosfellsbakari.is/umsokn.asp**

## TILKYNNINGAR

### Einkamál

Rauða Torgið
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlífssögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

Kona, leitar þú að raunverulegri tilbreytingu? Notaðu Rauða Torgið, það er frítt og það virkar. Auglýstu núna í síma 535-9923



GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

## atvinna

# Bifvélavirki

**óskast til starfa á Volvo vörubílaverkstæði Brimborgar**

VOLVO

### Stutt lýsing á starfi:

- Bilanagreining á vörubifreiðum og vélum
- Viðgerðir á vörubifreiðum og vélum

### Hæfniskröfur

- Sveinspróf í bifvélavirkjun, vélvirkjun, vélstjórn og eða sambærileg reynsla.
- Gilt bílpróf skilyrði
- Góðir samskiptahæfileikar
- Góð þjónustulund
- Heiðarleg(ur) og áreiðanleg(ur)
- Stundvís
- Geta sýnt frumkvæði í starfi og unnið sjálfstætt
- Grunnþekking á tölvur (PC/Windows umhverfi)
- Góð íslensku- og enskukunnáttu

**Umsóknarfrestur er til 24. september**
**Nú er tækifærið - við bíðum eftir þér**

*Skelltu þér á brimborg.is og sæktu um. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Nánari upplýsingar veitir Jóhann R. Ívarsson, í síma 515 7072.*

brimborg
Öruggur staður til að vera á

## atvinna

# Rafmiðlun

**Rafvirkjar með reynslu.**
Rafmiðlun óskar eftir að ráða vana rafvirkja til starfa.
Um er að ræða verkefni hérlendis.
Viðkomandi verða að geta hafið störf fljótlega.
Fyrirspurnir sendist á netfangið rafmidlun@rafmidlun.is .
Einnig er hægt fylla út starfsumsókn á heimasíðu Rafmiðlunar www.rafmidlun.is

## fasteignir

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

### Melholt 4 – Hf. Einbýli




**Opið hús í dag milli kl. 17.30 – 18.30**
Nýkomið í einkasölu sérlega fallegt og vel umgengið tvílyft einbýli 143 fm auk 27 fm bílskúr. Mjög fallegur garður. Góð staðsetning, örstutt frá Öldutúnsskóla. Verð **39,8 millj.**
Axel býður ykkur velkomin.

**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**

## tilkynningar

# Greiðsluáskorun

**Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:**

**Gjöldin eru:** Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 16. september 2013, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. september 2013 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 16. september 2013, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fisksjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur, ofgreiddar vaxtabætur og útvarpsgjald.

**Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.**

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.
Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

*Reykjavík, 17. september 2013*

Tollstjóri
Sýslumaðurinn í Kópavogi
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði
Sýslumaðurinn í Keflavík
Sýslumaðurinn á Akranesi
Sýslumaðurinn í Borgarnesi
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi
Sýslumaðurinn í Búðardal
Sýslumaðurinn á Ísafirði
Sýslumaðurinn í Bolungarvík
Sýslumaðurinn á Patreksfirði
Sýslumaðurinn á Hólmavík
Sýslumaðurinn á Siglufirði
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
Sýslumaðurinn á Blönduósi
Sýslumaðurinn á Akureyri
Sýslumaðurinn á Húsavík
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði
Sýslumaðurinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn á Höfn
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Selfossi
Sýslumaðurinn í Vík
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli

Viktor




TILBOÐ

Rauðspretttuflök
- með roði
1.090 kr.kg

Rauðspretttuflök
- roðlaus, beinlaus
1.490 kr.kg

Rauðsprettuttur
- Lime og Kóríander
- Sítrónu og smjör marinerað
1.490 kr.kg

Rauðspretta í raspi
1.490 kr.kg

Fiskibollur
2 fyrir 1

Fiskikóngurinn
Sogavegi 3 • www.fiskikongurinn.is

## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | 4 | | | 3 | | 2 |
| | 9 | | | 5 | 6 | | 1 | |
| 3 | | 6 | 8 | | | | | 5 |
| 4 | | 9 | | | | 6 | | 1 |
| | 8 | | | | 4 | 2 | | 9 |
| | | 2 | | 8 | | 4 | | 7 |
| | | | 1 | | | 8 | | |
| 6 | | | 2 | 9 | 5 | | | |
| 9 | 3 | | | 6 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | | 6 | 8 | 4 | 3 | | 5 |
| 1 | 5 | | | | 7 | | | |
| | | 6 | | | | 4 | | |
| | | | | 6 | | | | |
| 4 | | | 8 | | | | | |
| 7 | 9 | | | 2 | 3 | 5 | | 6 |
| | | | | | | 6 | 3 | 2 |
| | 1 | | | | 6 | 8 | | |
| | 8 | | 2 | 5 | | | 7 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 3 | 6 | | 4 | | | |
| | | 8 | 9 | 5 | | | | 7 |
| | 1 | | | | 3 | | | |
| 6 | | | | | 2 | | | |
| | 3 | | | | | 8 | | |
| 1 | 9 | 2 | | | | | | 6 |
| 8 | 4 | | 7 | | | | 5 | |
| | | | 4 | | | 6 | 3 | 9 |
| | | | | | | 4 | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | 2 | 9 | 4 | 3 | 8 | 5 | 6 |
| 3 | 4 | 5 | 6 | 8 | 2 | 7 | 9 | 1 |
| 9 | 6 | 8 | 5 | 7 | 1 | 4 | 2 | 3 |
| 4 | 5 | 7 | 1 | 6 | 8 | 2 | 3 | 9 |
| 1 | 2 | 3 | 7 | 9 | 4 | 5 | 6 | 8 |
| 6 | 8 | 9 | 2 | 3 | 5 | 1 | 4 | 7 |
| 2 | 7 | 1 | 3 | 5 | 9 | 6 | 8 | 4 |
| 5 | 9 | 4 | 8 | 1 | 6 | 3 | 7 | 2 |
| 8 | 3 | 6 | 4 | 2 | 7 | 9 | 1 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 7 | 9 | 2 | 8 | 3 | 5 | 6 | 4 |
| 3 | 6 | 5 | 9 | 4 | 1 | 7 | 8 | 2 |
| 8 | 2 | 4 | 5 | 7 | 6 | 9 | 1 | 3 |
| 5 | 8 | 6 | 3 | 9 | 7 | 2 | 4 | 1 |
| 4 | 9 | 3 | 1 | 2 | 5 | 6 | 7 | 8 |
| 7 | 1 | 2 | 8 | 6 | 4 | 3 | 5 | 9 |
| 9 | 5 | 7 | 4 | 1 | 2 | 8 | 3 | 6 |
| 6 | 4 | 8 | 7 | 3 | 9 | 1 | 2 | 5 |
| 2 | 3 | 1 | 6 | 5 | 8 | 4 | 9 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 6 | 4 | 9 | 7 | 1 | 5 | 8 | 3 |
| 5 | 7 | 8 | 2 | 3 | 4 | 6 | 9 | 1 |
| 9 | 1 | 3 | 5 | 6 | 8 | 2 | 4 | 7 |
| 8 | 2 | 1 | 3 | 4 | 5 | 7 | 6 | 9 |
| 3 | 5 | 7 | 8 | 9 | 6 | 4 | 1 | 2 |
| 4 | 9 | 6 | 1 | 2 | 7 | 8 | 3 | 5 |
| 6 | 3 | 5 | 4 | 1 | 2 | 9 | 7 | 8 |
| 7 | 8 | 9 | 6 | 5 | 3 | 1 | 2 | 4 |
| 1 | 4 | 2 | 7 | 8 | 9 | 3 | 5 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** — Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

Menntunin er ekki öll í fræðslunni fólgin.

*Magnús Helgason, skólastjóri.*

## KROSSGÁTA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** bauti, **6.** holskrúfa, **8.** mjöl, **9.** upphrópun, **11.** gelt, **12.** box, **14.** mjaka, **16.** hlutafélag, **17.** til viðbótar, **18.** kjökur, **20.** tveir eins, **21.** á flík.

**LÓÐRÉTT**
**1.** ríki í Suðvestur-Asíu, **3.** umhverfis, **4.** græðgi, **5.** hamfletta, **7.** ósjófær, **10.** flýtir, **13.** gerast, **15.** sál, **16.** hversu, **19.** í röð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** buff, **6.** ró, **8.** mél, **9.** aha, **11.** gá, **12.** kassi, **14.** fikra, **16.** hf, **17.** enn, **18.** væl, **20.** dd, **21.** ermi.
**LÓÐRÉTT: 1.** írak, **3.** um, **4.** fégirnd, **5.** flá, **7.** óhaffær, **10.** asi, **13.** ske, **15.** andi, **16.** hve, **19.** lm.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Skáksveit Álfhólsskóla varð um helgina Norðurlandameistari barnaskólasveita. Felix Steinþórsson hafði svart gegn dönskum andstæðingi.**

**Svartur á leik**



20...bxc3! 21. Dxc3 De3+ 22. Dd2 Hfc8+ 23. Bc2 Da3#. Sigursveit Álfhólsskóla skipuðu Dawid Kolka, Felix Steinþórsson, Guðmundur Agnar Bragason, Oddur Þór Unnsteinsson og Halldór Atli Kristjánsson. Lenka Ptácníková var liðsstjóri. **www.skak.is** Nýtt fréttabréf SÍ.

# VERÐLAUNASJÓNVÖRP




ambi light · Pixel Plus HD · Full HD LED · Pixel Precise HD · 300 Hz Perfect Motion Rate · SmartTV · WiFi CERTIFIED · skype · EASY 3D



- Örþunnt LED háskerpu sjónvarp með Incredible Contrast
- Pixel Plus HD örgjörvi tryggir hágæða Philips myndgæði
- 300 Hz Perfect Motion Rate gerir hröðustu myndir skarpar og skýrar
- Glæsileg hönnun með örþunnum ramma
- Snjallsjónvarp með þráðlausu neti sem opnar heim afþreyingar á netinu
- Ambilight baklýsing gefur aukna upplifun
- Simply Share - einfalt að skoða efni af tölvum og senda efni yfir á spjaldtölvur og síma
- MyRemote - hægt að nota spjaldtölvur og síma til að fjarstýra tækinu
- Easy 3D svo hægt er að horfa á efni í þrívídd - 2 gleraugu fylgja

85 YEARS AS A LEADING TV BRAND

EISA AWARD Best Product 2013-2014
GREEN TV
Philips 50PFL5008

| 42" | 47" | 50" |
|---|---|---|
| Philips 42PFL5008T | Philips 47PFL5008T | Philips 50PFL5008T |
| VERÐ | VERÐ | VERÐ |
| 189.995 | 269.995 | 299.995 |
| FRÁBÆRT VERÐ | FRÁBÆRT VERÐ | FRÁBÆRT VERÐ |




Heimilistæki ht.is

*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

# SKRIFBORÐS STÓLAR

# 20 - 35% a

FRÁ FREMSTU FRAMLEIÐENDUM HEIMS

**HermanMiller**

AERON



**Verð 249.900 kr.**

Verð áður
319.900 kr.

**HermanMiller**

MIRRA



**Verð 179.900 kr.**

Verð áður
229.900 kr.

**HermanMiller**

**Verð 109.900 kr.**

Verð áður
139.900 kr.



HERMAN MILLER - SAYL

**Wilkhahn**

ON 175/7



**Verð 199.900 kr.**

Verð áður
299.900 kr.

**vitra.**

ID soft



**Verð 189.900 kr.**

Verð áður
249.900 kr.

**Kinnarps**

6242



**Verð 134.900 kr.**

Verð áður
169.900 kr.

**Kinnarps**

5222



**Verð 99.900 kr.**

Verð áður
129.900 kr.

# afsláttur í september

DAUPHIN HumanDesign® Company



**Verð 51.900 kr.**
Verð áður
64.900 kr.

DAUPHIN - SYNC

DAUPHIN HumanDesign® Company



**Verð 74.900 kr.**
Verð áður
99.900 kr.

DAUPHIN - MY SELF

DAUPHIN HumanDesign® Company



**Verð 57.900 kr.**
Verð áður
74.900 kr.

DAUPHIN - TL168

DAUPHIN HumanDesign® Company



**Verð 124.900 kr.**
Verð áður
159.900 kr.

DAUPHIN - X code

DAUPHIN HumanDesign® Company



**Verð 114.900 kr.**
Verð áður
149.900 kr.

DAUPHIN - SHAPE XTL NETBAK

DAUPHIN HumanDesign® Company



**Verð 134.900 kr.**
Verð áður
169.900 kr.

DAUPHIN - SHAPE XTL

NOWY STYL



**Verð 19.900 kr.**
Verð áður
26.900 kr.

NOWYSTYL - DEALER

Sokoa



**Verð 59.900 kr.**
Verð áður
84.900 kr.

SOKOA - TERTIO MEÐ NETBAKI

Sokoa



**Verð 38.900 kr.**
Verð áður
59.800 kr.

SOKOA - TERTIO

KAB Seating



**Verð 154.900 kr.**
Verð áður
199.900 kr.

KAB SEATING - DIRECTOR

## Yfir 20 tegundir stóla á lager

Skeifunni 10, Reykjavík
Hafnarstræti 91-93, Akureyri
Hafnarstræti 2, Ísafjörður

Sími: 540 2330
husgogn@penninn.is
www.penninn.is

PENNINN

# Gönuhlaup á stóra sviðinu

LEIKLIST ★☆☆☆☆

### Maður að mínu skapi

**ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ**

**Höfundur:** Bragi Ólafsson. Leikstjórn: Stefán Jónsson. **Leikmynd:** Finnur Arnar Arnarson. **Búningar:** Agnieszka Baranowska. **Hljóðmynd:** Halldór Snær Bjarnason. **Lýsing:** Ólafur Ágúst Stefánsson. **Leikarar:** Eggert Þorleifsson, Kristbjörg Kjeld, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Pálmi Gestsson, Þorleifur Einarsson, Þorsteinn Bachmann. **Dramatúrg:** Stefán Hallur Stefánsson



**EGGERT ÞORLEIFSSON** „Um fyrirmyndina að aðalpersónunni þarf enginn að velkjast í vafa,“ segir Jón Viðar í dómi sínum.

Aðalpersónan í hinu nýja leikriti Braga Ólafssonar, sem var frumsýnt á laugardaginn var, er miðaldra háskólakennari. Innvígður og innmúraður í gerspillt valdakerfi Íslendinga. Hann er augljóslega „gay“, en greinilega of fínn með sig til að hafa komið sér almennilega út úr skápnum. Líklega býr hann í glerskáp.

Maðurinn er að ganga frá bók með fleygum orðum. Hann hefur ungan og sætan lögfræðinema sér til aðstoðar og er alltaf öðru hvoru eitthvað að káfa á honum. Stöku sinnum fer hann í ferðir til Englands þar sem hann hittir frægt fólk í fínum klúbbi og slær um sig með frásögnum af þeim fundum.

Við sögu í leiknum kemur einnig kona sem gerir hreint á heimili kennarans. Hún vinnur jafnframt sem næturvörður og leikari í Þjóðleikhúsinu. Hún á bróður sem er mislukkaður lögfræðingur og er bitur og reiður út í allt og alla. Þarna er líka afdankaður og drykkfelldur stjórnmálamaður sem hefur hrökklast úr ráðherrastóli, en er nú að reyna að komast aftur í pólitíkina með aðstoð háskólakennarans. Þá er ótalin roskin frænka kennarans, borgaraleg og pen kona sem lætur sér annt um frænda sinn. Hún hefur tapað peningum á einhverjum viðskiptum sem pólitíkusinn, og gott ef ekki frændinn líka, hafa platað hana út í.

Þetta er í sem stystu máli persónugalleríið í leikriti Braga Ólafssonar. Og á víst að vera táknrænt fyrir andstæðurnar í þjóðfélaginu. Sumir tapa, aðrir græða; sumir eru ofan á, aðrir undir. Öllu dýpra en það ristir samfélagsgreining höfundar varla. Í lokin liggur alþýðan í blóði sínu á sviðinu og yfirstéttin með allt niður um sig. Um fyrirmyndina að aðalpersónunni þarf enginn að velkjast í vafa. Jaðrar þetta nú ekki bara við einelti – mér er spurn?! Alveg burtséð frá því hvaða skoðun menn hafa á þeim sem hér á í hlut, persónu hans og framgöngu. Er svona nokkuð boðlegt á aðalleiksviði þjóðarinnar?

Ég geri ráð fyrir að mörgum í hinni framúrstefnudýrkandi leiklistaræsku landsins þyki þetta gamaldags verk, samið út frá alkunnum forskriftum „the well made play“ frá nítjándu öld. En hvað er að forskriftum, ef þeim er beitt af kunnáttu og færni, fyndni og hugkvæmni og mannþekkingu, svona eins og sum helstu leikskáld Frakka og Breta gátu gert þegar best lét? En hér er ekkert „well made play“ á ferð, öðru nær. Persónurnar eru klisjur, holar að innan, og margt í framgöngu og samskiptum þeirra harla ótrúverðugt; ég nefni aðeins sem dæmi það uppátæki frænkunnar fínu að láta bróður þvottakonunnar hjálpa sér við að ná aftur peningunum. Lokasenan, sem eftir formúlunni á að vera uppgjör og afhjúpun, fer út og suður. Hallærislegt hommagrínið var ofnotað af gríðarlegri elju, ekki síður af leikstjóra en skáldi; aulafyndnin ótæpileg, en ég sleppi tilvitnunum, ekki af tillitsemi við skáldið, heldur lesendur blaðsins.

Leikendur náðu að vonum lítt að fóta sig undir reikulli og oft yfirkeyrðri leikstjórn Stefáns Jónssonar. Meira að segja Ólafía Hrönn vissi bersýnilega ekkert hvort hún átti að leika kómedíu eða drama – sem var vitaskuld ekki hennar sök. Aðeins Eggert Þorleifsson slampaðist nokkurn veginn í gegnum þetta óskaddaður. Ungi leikarinn, nýútskrifaður úr Listaháskólanum, fékk að ofleika hressilega, og var ekki einn um það. Í fyrrnefndu lokaatriði leystist sýningin upp í fyrirgang, hlaup og hávaða.

Leikmyndin, sem á að sýna borgaralegt glæsiheimili, er ópersónuleg og þung. Ekkert í henni segir nokkuð sérstakt um manninn sem þar býr og er það þó á slíku sem svona natúralismi lifir. Annars deyr hann. Reyndar skil ég ekki hvers vegna stóra sviðið er lagt undir leik sem kallar alls ekki á víðáttur þess og týnist beinlínis í þeim. Kassinn hefði dugað, og vel það.

Þjóðleikhúsið sýndi fyrir þremur árum leikrit Braga, Hænuungana. Það var hugþekkt og skemmtilegt verk, vel sviðsett af Stefáni, ágætlega leikið af Eggerti og fleirum. Það eru mikil vonbrigði, að ég ekki segi áfall, að þeir sem hér eiga hlut að máli – að stjórn leikhússins ógleymdri – skuli sýna af sér þann dómgreindarbrest að láta annað eins og þetta frá sér.

**Jón Viðar Jónsson**

**NIÐURSTAÐA:** Leikrit sem þjóðleikhússtjóri hefði átt að senda höfund með heim og segja honum að vinna betur.



…UR // SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR // ÆVISÖGUR // BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR

// LJÓÐABÆKUR // ÆVINTÝRABÆKUR // FRÆÐIBÆKUR // HANDBÆKUR // FERÐABÆKUR // RÓMANTÍSKAR BÆKUR // UNGLINGABÆKUR // SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR //

// BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR // LJÓÐABÆKU…

**VERÐHRUN!**

# RÝMINGARSALA BÓKAÚTGEFENDA

## BORGARTÚNI 29

OPIÐ **KL. 10-18 ALLA DAGA**

**KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!**

**ALDREI MEIRA ÚRVAL!**

**NÝTTU ÞÉR PAKKA-TILBOÐIN**

# ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR!




Blíðfinnur • 3 bækur á aðeins

**1.500,-**




Stieg Larson-pakki • 3 bækur á aðeins

**1.500,-**




Krimmapakki • 4 bækur á aðeins

**1.500,-**




Stelpupakki • 3 bækur á aðeins

**1.500,-**




Dan Brown pakki • 4 bækur á aðeins

**1.500,-**



Bókaorma pakki • 5 bækur á aðeins

**1.500,-**




Íslenskur krimmapakki • 4 bækur á aðeins

**1.500,-**

# BÆKUR FRÁ ÖLLUM HELSTU ÚTGEFENDUM LANDSINS!

# Lært af Þjóðverjum

BAKÞANKAR
Söru McMahon



Ég dvaldi á þýskri grundu um helgina, svolgraði öl, hámaði í mig bratwurst og rifjaði upp þýskuna sem ég taldi fyrir löngu horfna. Þótt ferðin hafi aðallega einkennst af drykkju, ofáti og eyðslu duttum við samferðafólk mitt líka stundum í hlutverk mannfræðinga – pældum þá í viðmóti, þjóðareinkennum, skipulagi og annarri hegðun heimamanna og bárum saman við eigin menningu.

**SJÁLFRI** þótti mér Þjóðverjinn upp til hópa viðmótsþýður og þokkalega skipulagður, sem er mikill kostur. Ég hef mjög gaman af góðu skipulagi, enda er gott skipulag gulli betra.

**ÉG** tók sérstaklega eftir því að viðmót heimamanna í garð glaðlyndra og kærulausra Íslendinga var á stundum ekki ólíkt því sem foreldri sýnir óþægu barni. Þeir brostu þolinmóðir en reyndu á sama tíma að leiðbeina villuráfandi sauðum: „Afsakið. Hvaðan tókuð þið þetta borð? Það má ekki taka útiborð annarra veitingastaða og bera hingað. Það er ekki vel liðið,“ sagði ung þjónustustúlka brosandi og veifaði vísifingri áminnandi í átt til okkar. Við lofuðum auðvitað bót og betrun og fullvissuðum hana um að við myndum láta af þeim mikla ósið sem borðstuldur er.

**SVO** voru aðrir mjög kátir og frjálslegir, eins og stóri húðflúraði maðurinn sem seldi útsaumaða blúndupoka sem fylltir voru með lofnarblómum, eða lavender eins og aðrar Evrópuþjóðir kalla plöntuna. Eiginkona hans hannaði og saumaði pokana en hann sá um verslunarreksturinn. Hann sagði mér að honum leiddist oft í vinnunni, því hann væri bara einn í búðinni. Þess vegna reyndi hann alltaf að halda viðskiptavinum sínum á svolitlu snakki.

**SVO** má ekki gleyma öryggisverðinum á flugvellinum í Frankfurt sem stóð og starði á strolluna er hún teymdi ferðatöskur á eftir sér á leið út í þýskt haustið (að þau héldu).

**„ER** ekkert þeirra að lesa á merkingarnar?“ spurði hann kollega sinn sem svaraði neitandi. Sá fyrri taldi því best að grípa í taumana og benti hópnum góðlátlega á að útgangurinn væri beint áfram, þarna til vinstri. Þangað sem hópurinn var kominn voru skrifstofur tollvarðanna. Það má ýmislegt læra af þeim þýsku.

# Emilíana daðrar við elektrópoppið

TÓNLIST ★★★☆☆

**Emilíana Torrini**
Tookah
**ROUGH TRADE**





Tookah er fyrsta plata Emilíönu Torrini með nýju efni í fimm ár, eða síðan Me and Armini kom út. Þar naut smáskífulagið skemmtilega Jungle Drum mikilla vinsælda en erfitt er að sjá annan álíka alþjóðlegan „hittara“ á þessari nýju plötu, enda er hún innhverfari og dimmari en sú síðasta.

Upphafslagið Tookah er huggulegt og vel samið popplag þar sem falleg rödd Emilíönu fær að njóta sín. Þau tvö næstu, Caterpillar og Autumn Sun, eru bæði róleg lög sem búa til þægilega stemningu með gítartónunum. Þannig á Autumn Sun vel við núna í íslenska haustinu.

Lagið Home er undir djassáhrifum, sem er nokkuð óvenjulegt þegar Emilíana er annars vegar. Án efa eitt besta lag plötunnar með flottum takti. Í laginu Elisabet eru rólegheitin í fyrirrúmi. Þar er hljóðgervill notaður sem aukakrydd og hann kemur einnig við sögu en á heldur eftirminnilegri hátt í Animal Games, örlítið hressara lagi. Elektrópoppið er svo allsráðandi í fyrsta smáskífulaginu Speed of Dark, ágætu lagi sem þó nær ekki að grípa mann heljartökum.

Til að ljúka upptalningunni er Blood Red drungalegt en töff og lokalagið Fever Breaks tilraunakennt með takti sem vinnur á eftir því sem á líður.

**Freyr Bjarnason**

**NIÐURSTAÐA:** Emilíana Torrini daðrar við rafpopp og hljóðgervla á annars rólegri og huggulegri plötu.

KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| PARANOIA | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| PARANOIA VIP | KL. 5:50 - 8 | VIP |
| AULINN ÉG ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |
| AULINN ÉG ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |
| AULINN ÉG ENS TAL 2D | KL. 8 | L |
| CITY OF BONES | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| THE CONJURING | KL. 5:40 - 8 - 10:30 | 16 |
| THE CONJURING VIP | KL. 10:20 | VIP |
| FLUGVÉLAR ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |
| THE BLING RING | KL. 10:20 | 16 |
| WE'RE THE MILLERS | KL. 8 - 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| PARANOIA | KL. 8 - 10:20 | L |
| CITY OF BONES | KL. 8 | 12 |
| THE CONJURING | KL. 10:40 | 16 |
| FLUGVÉLAR ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |
| WE'RE THE MILLERS | KL. 5:40 | 12 |

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| AULINN ÉG ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |
| PARANOIA | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| CITY OF BONES | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| THE CONJURING | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| FLUGVÉLAR ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |
| KICK-ASS 2 | KL. 10:30 | 16 |
| WE'RE THE MILLERS | KL. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| PARANOIA | KL. 8:20 - 10:30 | 12 |
| CITY OF BONES | KL. 5:40 | 12 |
| THE CONJURING | KL. 10:30 | 16 |
| FLUGVÉLAR ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |
| WE'RE THE MILLERS | KL. 8 | 12 |
| KVIKMYNDADAGAR 11. - 26. SEPTEMBER | | |
| MUD ÓTEXTUÐ | KL. 10:20 | 12 |
| MIDNIGHT'S CHILDREN ÓTEXTUÐ | KL. 5 | 12 |
| TO THE WONDER ÓTEXTUÐ | KL. 8 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| PARANOIA | KL. 8 | 12 |
| AULINN ÉG 2 ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |
| FLUGVÉLAR ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 | L |
| CITY OF BONES | KL. 10 | 12 |
| MALAVITA | KL. 10:20 | 16 |
| ÖLLI | KL. 8 | L |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| AULINN ÉG 2 2D | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| AULINN ÉG 2 2D LÚXUS | KL. 3.20 | L |
| AULINN ÉG 2 3D | KL. 3.30 | L |
| MALAVITA / MALAVITA LÚXUS | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| BLUE JASMIN | KL 5.45 - 10.15 | 10 |
| THIS IS US 3D | KL 5.45- 8 | L |
| FLUGVÉLAR 2D ÍSL TAL | KL 3.30 | L |
| ELYSIUM | KL. 8 - 10.25 | 16 |
| PERCY JACKSON | KL. 5.40 | 10 |
| 2 GUNS | KL. 8 - 10.30 | 14 |
| STRUMPARNIR 2D ÍSL TAL | KL. 3.20 | L |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| BLUE JASMIN | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 10 |
| AULINN ÉG 2 2D | KL. 5.45 | L |
| DESPICABLE ME 2 2D | KL. 8 | L |
| ÖLLI HEIMILDAMYND | KL. 5.30 | L |
| HROSS Í OSS | KL. 6 - 8 - 10 | 12 |
| ELYSIUM | KL. 10.20 | 16 |
| PERCY JACKSON | KL. 8 | 10 |
| 2 GUNS | KL. 10.15 | 14 |

BORGARBÍÓ ÞRIÐJUDAGSTILBOÐIN GILDA EKKI Í BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| AULINN ÉG 2 3D | KL. 6 | L | | | |
| BLUE JASMIN | KL. 8 | 10 | MALAVITA | KL. 8 - 10 | 16 |
| THIS IS US 3D | KL. 6 | 10 | JOBS | KL. 10 | 12 |

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ 5%
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| AULINN ÉG 2 - ÍSL | 6 3D | L |
| AULINN ÉG 2 - ÍSL | 6 2D | L |
| DESPICABLE ME 2 - ENS | 6, 8 2D | L |
| MALAVITA | 8, 10.20 | 16 |
| JOBS | 8, 10.10 | 12 |
| KICK ASS 2 | 10.40 | 16 |

LYFJA – Lífið heil
www.lyfja.is



Nicorette
+15%
afsláttur af
Nicorette innsogslyfi og
Nicorette QuickMist munnholsúða

Lægra verð í Lyfju

Gildir út september

ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 65416



Kvikmyndasafn Íslands
Öllum boðið meðan húsrúm leyfir í
Bæjarbíó

Sýnt er á þri kl. 20:00 og lau kl. 16:00
Sjá sýningarskrá á: www. kvikmyndasafn.is

KARAMAZOV-BRÆÐURNIR
3. hluti
*Frumsýning á Íslandi • Íslenskir neðanmálstextar*

Dmítrí Karamazov er handtekinn fyrir að hafa myrt föður sinn, Fjodor Pavlovítsj Karamazov. Grúsjenka segir að Dímítri hafi drepið hann hennar vegna en Dmítrí lýsir yfir sakleysi sínu, hann sé valdur að dauða þjónsins Grigoríj. Framundan eru réttarhöld en áður en þau hefjast er engu líkara en að djöfullinn sjálfur hafi komið í heimsókn til Ívans Karamazov.

BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS




SJÁ SÝNINGARTÍMA Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas



# Nýdönsk
# FRAM Á NÓTT



## Nýdönsk leikur sín vinsælustu lög



Hörpu **21**. sept. kl. 20 **Uppselt**
Hörpu **21**. sept. kl. 23 **Örfá sæti laus**

Hofi **28**. sept. kl. 20 **Örfá sæti laus**



Sérstakur gestur í Hörpu
**John Grant**

Miðasala á **miði.is**, **harpa.is** og **menningarhus.is**
Einnig í miðasölu Hörpu, sími **528 5000**
og miðasölu Hofs, sími **450 1000**

PIPAR\TBWA • SÍA

## Geta orðið meistarar á fimmtudaginn



KR-ingar stigu stórt skref í átt að Íslandsmeistara-titlinum í gær þökk sé góðri hjálp frá Eyjamönnum og Valsmönnum. KR vann 4-1 sigur á Fylki í 20. umferð Pepsi-deildar karla í fótbolta á sama tíma og FH náði bara jafntefli á heimavelli á móti Val og Stjarnan tapaði í Eyjum. Þessi úrslit þýða að KR-ingar eru með fimm stiga forskot á toppnum og fá fjóra leiki til þess að ná í þau tvö stig sem vantar til að tryggja liðinu 26. Íslandsmeistaratitilinn. KR getur því orðið meistari með sigri á Breiðabliki á Kópavogsvelli á fimmtudaginn en það verður frítt á leikinn þar sem fyrri leikurinn var flautaður af vegna höfuðmeiðsla Blikans Elfars Árna Aðalsteinssonar. Takist það ekki fær KR leiki á móti Val (úti, 22. september), ÍA (úti, 26. september) og Fram (heima, 29. september) til að tryggja sér titilinn.

## Riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu hefst í kvöld

**FÓTBOLTI** Riðlakeppni Meistaradeildarinnar í fótbolta fer af stað í kvöld með fyrstu leikjum liðanna sem eru í riðlum A til D. Á morgun hefst síðan keppnin í hinum fjórum riðlunum.

Íslendingaliðið FC Kaupmannahöfn fær alvöru verkefni þegar liðið tekur á móti ítölsku meisturunum í Juventus á Parken. **Ragnar Sigurðsson (til hægri)** var rekinn út af um síðustu helgi en verður vonandi með í kvöld. Rúrik Gíslason hefur svo verið meiddur.



Manchester-liðin eru bæði í eldlínunni. United tekur á móti Bayer 04 Leverkusen í fyrsta leik stjórans Davids Moyes í Meistaradeildinni en City heimsækir tékkneska liðið Viktoria Plzen. Sami Hyypiä stýrir nú liði Leverkusen og fær verðugt verkefni á Old Trafford.

Það er pressa á Manuel Pellegrini, knattspyrnustjóra Manchester City, enda hefur lítið gengið í Meistaradeildinni síðustu tímabil. City vann ekki leik í fyrra og komst hvorugt árið upp úr sínum riðli. Ekkert nema sigur í Tékklandi í kvöld er því ásættanleg úrslit.

Pep Guardiola og lærisveinar hans í Bayern München hefja titilvörnina á móti rússneska liðinu CSKA Moskvu.

Allir leikirnir hefjast klukkan 18.45 en á undan verður Hjörtur Hjartarson með upphitun á Stöð 2 Sport. Manchester United - Leverkusen verður í beinni á Stöð 2 Sport en á sama tíma er hægt að horfa á FCK - Juventus á Stöð 2 Sport 3 og Bayern München - CSKA Moskva á Stöð 2 Sport 4. Hjörtur verður síðan með Meistaramörkin eftir leikina þar sem öll mörk kvöldsins verða sýnd.

### 4-1

**KR-völlur** 1004 áhorfendur
**Þóroddur Hjaltalín (8)**

**Mörkin:** 1-0 Gary Martin (6.), 1-1 Viðar Örn Kjartansson (25.), 2-1 Brynjar Björn Gunnarsson (49.), 3-1 Óskar Örn Hrauks. (64.), 4-1 Martin (74.)

**KR (4-3-3):** Hannes Þór Halldórsson 6 – Haukur Hauksson 7, Grétar Sigurðars. 6, Jonas Grönner 5, Guðmundur Reynir Gunnarss. 7 – Atli Sigurjónsson 5 (46. Emil Atlason 6), Brynjar Björn Gunnarsson 6, Jónas Guðni Sævarsson 8, Baldur Sigurðsson 6, Óskar Örn Hauksson 6 – ***Gary Martin 8**.

**Fylkir (4-3-3):** Bjarni Þórður Halldórsson 5 - Ásgeir Örn Arnþórsson 5, Kristján Hauksson 5, Agnar Bragi Magnússon 5, Tómas Þorsteinsson 5 - Ásgeir Börkur Ásgeirsson 5, Finnur Ólafsson 5, Pablo Punyed 6, - Emil Berger 5, Guy Roger Eschmann 4 (67. Kjartan Ágúst Breiðdal 5), Viðar Örn Kjartansson 6.

**Skot (á mark):** 13-10 (7-1) Horn: 5-5

**Varin skot:** Hannes 0 - Bjarni Þórður 3.

### 1-2

**Kópavogsvöllur** 620 áhorfendur
**Kristinn Jakobsson (8)**

**Mörkin:** 0-1 Almarr Ormarsson (42.), 0-2 Kristinn Ingi Halldórsson (56.), 1-2 Sjálfsmark (57.).

**Breiðablik (4-3-3):** Gunnleifur Gunnleifsson 4 - Þórður Steinar Hreiðarsson 6, Sverrir Ingi Ingason 7, Renee Gerard Troost 5(80. Gísli Páll Helgason), Kristinn Jónsson 6 - Finnur Orri Margeirsson 6, Tómas Óli Garðasson 7(67. Viggó Kristjánsson 5), Ellert Hreinsson 4 - Nichlas Rohde 4(28. Jökull I. Elísabetarson 5), Guðjón Pétur Lýðsson 6, Árni Vilhjálmsson 6.

**Fram (4-3-3):** Ögmundur Kristinsson 7 - Orri Gunnarsspon 7, Alan Lowing 7, Halldór Arnarsson 6, Jordan Halsman 6 - Halldór Hermann Jónsson 6, Jón Gunnar Eysteinsson 6, Sam Hewson 6 - ***Almarr Ormarsson 7**, Jon André Röyrane 4(61. Aron Bjarnason 5), Hólmbert Aron Friðjónsson 4(45. Kristinn Ingi Halldórsson 6)..

**Skot (á mark):** 14-6 (7-3) Horn: 4-4

**Varin skot:** Gunnleifur 0 - Ögmundur 6

## PEPSI DEILDIN 2013

### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| KR | 18 | 15 | 1 | 2 | 45-19 | 46 |
| FH | 20 | 12 | 5 | 3 | 41-22 | 41 |
| Stjarnan | 20 | 12 | 4 | 4 | 31-19 | 40 |
| Breiðablik | 19 | 9 | 6 | 4 | 29-22 | 33 |
| ÍBV | 19 | 8 | 5 | 6 | 23-20 | 29 |
| Valur | 19 | 6 | 9 | 4 | 37-29 | 27 |
| Fram | 20 | 6 | 4 | 10 | 25-33 | 22 |
| Fylkir | 20 | 5 | 5 | 10 | 28-31 | 20 |
| Keflavík | 19 | 6 | 2 | 11 | 25-40 | 20 |
| Þór | 19 | 4 | 5 | 10 | 26-41 | 17 |
| Víkingur Ó. | 19 | 2 | 8 | 9 | 15-28 | 14 |
| ÍA | 18 | 2 | 2 | 14 | 25-46 | 8 |

# Drottning á miðjunni

**Edda Garðarsdóttir hefur ákveðið að leggja skóna á hilluna eftir magnaðan feril. Leikmaðurinn átti stóran þátt í því að lyfta kvennalandsliðinu á þann stall sem það er á í dag. Edda er næstleikjahæsti leikmaður landsliðsins í sögunni.**

**FÓTBOLTI** „Hún hefur haft mjög mikil áhrif á íslenska kvennaknattspyrnu í heild sinni og kannski lyft henni upp á annað plan í gegnum árin,“ segir Vanda Sigurgeirsdóttir, fyrrverandi þjálfari Eddu Garðarsdóttur, í gær.

Knattspyrnukonan Edda Garðarsdóttir tók þá ákvörðun eftir að Pepsi-deild kvenna lauk um helgina að leggja skóna á hilluna, tímabundið í það minnsta.

Síðasti leikur Eddu var gegn Selfyssingum á laugardaginn þegar Valsmenn unnu góðan sigur, 4-0. Edda skoraði eitt mark í leiknum og kvaddi því íslenskan kvennabolta á viðeigandi hátt. Leikmaðurinn hefur verið að glíma við erfið meiðsli í hné og hefur því ákveðið að koma skónum frægu vel fyrir á hillunni.

„Hún lék algjört lykilhlutverk hjá íslenska landsliðinu þegar liðið gekk í gegnum mesta uppgangstímann og er ótrúlegur leiðtogi í klefanum. Sem leikmaður hefur hún alltaf æft meira en allir aðrir í liðinu, hvort sem það voru lyftingar eða aukaæfingar innanvallar þá var hún alltaf tilbúin. Edda hafði einnig þann eiginleika að virkja aðra í liðinu með sér og á að baki stórkostlegan feril.“



**EDDA HÆTT** Nú taka aðrir hlutir við hjá þessum frábæra leikmanni og stefnan sett á þjálfun í knattspyrnu.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Mikil reynsla og þekking

Vanda lýsir Eddu sem ákveðnum leikmanni með einstaklega góða sendingagetu, líkamlega yfirburði yfir flestalla á vellinum og með frábæran skotfót. Hún var því eins konar drottning á miðjunni sem erfitt var að stöðva. Edda hefur nú sett stefnuna á knattspyrnuþjálfun þar sem hún getur miðlað reynslu sinni og þekkingu áfram til næstu kynslóða.

„Hún hefur alla burði til að vera frábær þjálfari og ég veit að Edda hefur tekið nokkur námskeið. Við megum ekki missa svona flottan karakter út úr kvennaknattspyrnunni. Það gerist allt of oft og það er nauðsynlegt fyrir íslenska kvennaknattspyrnu að halda Eddu.“

Miðjumaðurinn lék 103 landsleiki með íslenska landsliðinu og er því næstleikjahæsti leikmaður Íslands í sögunni. Edda skoraði fjögur mörk fyrir Ísland er hún lék sinn fyrsta landsleik 7. september 1997 þegar hún kom inn á af bekknum gegn Úkraínu. 16 árum síðar hefur hún lagt skóna á hilluna.

### Gæti orðið mjög góður þjálfari



„Edda gæti orðið mjög góður þjálfari og ég veit að hún hefur tekið þjálfaranámskeið. Hún hefur alltaf verið dugleg að skrifa niður og punkta hjá sér, sem mun reynast henni vel þegar út í þjálfun er komið,“ segir Vanda, sem er ein af alltof fáum konum sem hafa farið á fullt í þjálfun í meistaraflokki.

Edda lék með KR, Breiðabliki, Örebro, Chelsea og að lokum Val á sínum ferli.

„Hún fer sannarlega í þann flokk að vera ein af þeim bestu í íslenskri kvennaknattspyrnusögu. Hún var kannski ekki tæknilega besti leikmaðurinn en ótrúlegur karakter sem reif ávallt alla með sér.“

**stefanp@365.is**

### 3-3

**Kaplakrikavö.** 472 áhorfendur
**Vilhjálmur Alvar (6)**

**Mörkin:** 1-0 Ingimundur Níels Óskarss. (8.), 1-1 Haukur Páll Sigurðss. (13.), 1-2 Magnús Lúðvíkss., víti (17.), 1-3 Patrick Pedersen (27.), 2-3 Atli Viðar Björnsson (69.), 3-3 Atli Viðar (90.+2).

**FH (4-3-3):** Daði Lárusson 5 - Jón Ragnar Jónsson 3 (56. Atli Guðnason 6), Pétur Viðarsson 2, Guðmann þórisson 4 (25. Freyr Bjarnason 6), Sam tillen 6 – Davíð Viðarsson 4, Björn Daníel Sverrisson 6, Emil Pálsson 5 – Ólafur Páll Snorrason 4, Ingimundur Níels Óskarsson 4 (66. ***Atli Viðar Björnsson 8**),Albert Brynjar Ingason 5.

**Valur (4-4-2):** Fjalar Þorgeirsson 7 - Magnús Már Lúðvíksson 7, Jónas Tór Næs 6, Matar Jobe 6, Bjarni Ólafur Eiríksson 6 - Haukur Páll Sigurðarsson 7, Daniel Craig Racchi 5, Indriði Áki Þorláksson 7 - Lucas Ohlander 3 (62. Kristinn Freyr Sigurðsson 5), Arnar Sveinn Geirsson 7 (82. Andri Fannar Stefánsson -), Patrick Pedersen 7..

**Skot (á mark):** 11-6 (8-4) Horn: 9-2

**Varin skot:** Daði 1 - Fjalar 4.

### 1-0

**Hásteinsvöllur** xxx áhorfendur
**Guðmundur Ársæll (8)**

**Mörkin:** 1-0 Ian Jeffs (90+3).

**ÍBV (4-4-2):** David James 7 - Arnór Eyvar Ólafsson 7, Matt Garner 6, Eiður Aron Sigurbjörnsson 6, Jón Ingason 6 - Tonny Mawejje 7, Byrnjar Gauti Guðjónsson 6, Gunnar Þorsteinsson 6 (84., Ragnar Pétursson -), Arnar Bragi Bergsson 6 (69., Ian Jeffs 6) - Gunnar Már Guðmundsson 5, Víðir Þorvarðarson 5 (84., Aaron Spear -).

**Stjarnan (4-4-2): *Ingvar Jónsson 7** - Jóhann Laxdal 6, Tryggvi Sveinn Bjarnason 6, Daníel Laxdal 6, Robert Sandnes 5 - Kennie Chopart 6 (88., Gunnar Örn Jónsson -), Michael Præst 5, Atli Jóhannsson 6, Halldór Orri Björnsson 6 - Garðar Jóhannsson 6, Veigar Páll Gunnarsson 5 (30., Ólafur Karl Finsen 5).

**Skot (á mark):** 8-10 (6-3) Horn: 5-4

**Varin skot:** James 3 - Ingvar 5

## ENSKA ÚRVALSD.

**SWANSEA- LIVERPOOL 2-2**

**1-0 Jonjo Shelvey (2.), 1-1 Daniel Sturridge (4.), 1-2 Victor Moses (36.), 2-2 Michu (64.)**

### STAÐA EFSTU LIÐA

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Liverpool | 4 | 3 | 1 | 0 | 5-2 | 10 |
| Arsenal | 4 | 3 | 0 | 1 | 8-5 | 9 |
| Tottenham | 4 | 3 | 0 | 1 | 4-1 | 9 |

**visir.is**

Allt um leiki gærkvöldsins






# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD

### Stöð 2 kl. 19.20
**Ríkið**

Þættirnir gerast á óræðum tíma þar sem allt er kjánalegt; húsgögnin, aðbúnaðurinn, klæðaburðurinn, hárgreiðslan og þó sérstaklega starfsfólkið. Í þáttunum er gert grín að samskiptum kynjanna, undarlegu tómstundagamni, vinnustaðarómantíkinni og er hið svokallaða vinnustaðagrín allsráðandi. Grínsnillingar Íslands eru samankomnir í þessum skemmtilega sketsaþætti.





### Borgarilmur
**STÖÐ2 GULL KL. 20.00** Matur, kaffi, ást, tungumál og erkitýpur eru meðal viðfangsefna Ilmar í heimsókn hennar til Parísar. Ilmur eldar á minnsta veitingastað Parísarborgar, lærir að haga sér eins og frönsk dama og prófar hátísku, með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.



### How I Met Your Mother
**STÖÐ 2 KL. 20.50** Áttunda þáttaröðin um þau Lily, Robin, Ted, Marshall og Barney og söguna góðu af því hvernig Ted kynntist barnsmóður sinni. Vinirnir ýmist styðja hver annan eða stríða, allt eftir því sem við á.

TV.COM 9,0 IMDb 8,5



### America's Next Top Model
**SKJÁR EINN KL. 19.55** Bandarísk raunveruleikaþáttaröð þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu. Verkefnin eru ólík og stúlkurnar margar en aðeins ein mun standa uppi sem næsta ofurmódel.

TV.COM 8,1 IMDb 5,0

### Rás 2 kl. 9.05
**Virkir morgnar**

Virkir morgnar er þáttur sem ætlaður er öllum og ekki síst þeim sem eru að koma sér af stað í morgunsárið. Þættinum er stjórnað af Andra Frey Viðarssyni og Guðrúnu Dís Emilsdóttur. Þátturinn er í léttum dúr og þar er fjallað um skemmtileg mál líðandi stundar auk liðinna og óliðinna stunda.




## AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL Í SÚÐAVÍKURHREPPI

**Tillaga að deiliskipualagi í Langeyri í Súðavíkurhreppı.**

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps samþykkti á fundi sínum þann 30. maí 2013 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi á Langeyri skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Í tillögunni felst :**
Að stækka skipulagssvæðið, breyta byggingarreit á reit I-1, skilgreina geymslusvæði fyrir stór farartæki og vinnuvélar og breyta kvöðum á reit I-5.
Tillögurnar ásamt greinargerðum verða til sýnis á skrifstofu Súðavíkurhrepps, Grundarstræti 1-3, Súðavík, virka dag frá kl. 10:00-12:00 og frá 13:00-15:00 frá og með 23. september til 4. nóvember 2013.

Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu Súðavíkurhrepps, www.sudavik.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til þess að skila inn athugasemdum er til **8. nóvember 2013.**

Athugasemdir, ef einhverjar eru, skulu vera skriflegar og berast til skrifstofu Súðavíkurhrepps Grundarstræti 1-3, 420 Súðavík.

Hver sá sem ekki gerir athugasemdir innan tilskilins frests, telst samþykkja tillögurnar.

F.h. Súðavíkurhrepps
Árni Traustason
skipulagsfulltrúi Súðavíkurhrepps



**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## Tómasarhagi 23- Reykjavík
**OPIÐ HÚS Í DAG, FRÁ KL. 17.30-18.00**






Glæsileg 5 herbergja 137,2 fm. efri sérhæð með suðursvölum og fallegu útsýni auk 26,3 fm. bílskúrs og geymsluriss á þessum frábæra stað í vesturbænum. Samliggjandi rúmgóðar og bjartar stofur með stórum gluggum. Eldhús með fallegum uppgerðum innréttingum. Þrjú herbergi. Sér þvottaherbergi í kjallara. Íbúðinni fylgir sér u.þ.b. 300 fm. ræktuð og falleg lóð með skjólgóðri viðarverönd til suðurs. ***Verð 49,9 millj.***
*Verið velkomin.*

## Kambasel 7 - Reykjavík.
**OPIÐ HÚS Í DAG, FRÁ KL. 17.30-18.00**






Mjög gott 5 herbergja 188,9 fm. raðhús á tveimur hæðum í Breiðholti. Þar af er 20,8 fm. sambyggður bílskúr. Eldhús hefur verið endurnýjað og stækkað auk þess sem baðherbergi á neðri hæð er nýlega endurnýjað. Stofa með aukinni lofthæð. Arinstofa með útgengi á svalir til austurs. 4 herbergi. Húsið er í góðu ásigkomulagi að innan og utan og hefur alla tíð fengið gott viðhald. Steypt innkeyrsla og stéttar fyrir framan húsið með snjóbræðslu. Lóð hússins er að öðru leyti falleg og ræktuð.**Verð 40,9 millj.**
*Verið velkomin.*


### STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.10** Malcolm in the Middle
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.15** Wonder Years
**10.40** The Glades *(9:13)*
**11.25** The Middle *(9:24)*
**11.50** White Collar *(5:16)*
**12.35** Nágrannar
**13.00** So You Think You Can Dance *(15:15)*
**14.30** In Treatment *(70:78)*
**14.55** Sjáðu
**15.25** Victourious
**15.50** Leðurblökustelpan
**16.25** Ellen *(46:170)*
**17.10** Bold and the Beautiful
**17.32** Nágrannar
**17.57** Simpson-fjölskyldan *(17:22)*
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag
**19.11** Veður
**19.20** Ríkið *(2:10)*
**19.40** The Big Bang Theory *(19:24)*
**20.05** Mike and Molly *(3:23)*
**20.25** Anger Management *(1:22)*
**20.50** How I Met Your Mother *(11:24)*
**21.15** Orange Is the New Black *(9:13)*
**22.15** Veep *(9:10)*
**22.45** The Daily Show: Global Edition *(29:41)*
**23.10** Outside the Law
**01.25** 2 Broke Girls
**01.45** Drop Dead Diva
**02.30** Mistresses
**03.10** Miami Medical
**03.55** The Closer
**04.35** Poison Ivy: The Secret Society

### SPORT
*besta sætið*

**17.00** Spænsku mörkin
**17.30** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**18.00** Meistaradeildin - upphitun
**18.30** Meistaradeild Evrópu: Man. Utd - Bayer Leverkusen Bein útsending
**20.45** Meistaradeildin - meistaramörk
**21.30** Meistaradeild Evrópu: FC Kaupmannahöfn - Juventus
**23.25** Meistaradeild Evrópu: Bayern München - CSKA Moskva
**01.20** Meistaradeildin - meistaramörk

### SPORT 2
*enski boltinn*

**07.00** Swansea - Liverpool
**13.45** Messan
**14.45** Stoke - Man. City
**16.25** Man. Utd - Crystal Palace
**18.05** Ensku mörkin - úrvalsdeildin *(4:40)*
**19.00** Swansea - Liverpool
**20.40** Southampton - West Ham
**22.20** Football League Show 2013
**22.50** Messan
**23.50** Sunderland - Arsenal

### ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Stjórnarráðið **21.30** Skuggaráðuneytið

### STÖÐ 3

**16.45** Junior Masterchef Australia *(1:16)*
**17.35** Cherry Healy: How to Get a Life *(1:6)*
**18.35** American Dad *(2:19)*
**19.00** School Pride *(2:7)*
**19.45** Hart of Dixie *(2:22)* Önnur þáttaröðin um unga stórborgarstúlku sem finnur sjálfa sig og ástina.
**20.30** Pretty Little Liars *(2:24)*
**21.15** Nikita *(2:23)*
**22.00** Outlaw *(1:8)*
**22.45** Damages *(1:10)*
**23.45** 2+6 *(1:8)*
**00.20** School Pride
**01.05** Hart of Dixie
**01.45** Pretty Little Liars
**02.30** Nikita
**03.15** Tónlistarmyndbönd

### krakkar

**07.00** Könnuðurinn Dóra **07.24** Svampur Sveinsson **07.46** Elías **07.58** Áfram Diego, áfram! **08.22** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.44** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Rasmus Klumpur og félagar **09.00** Latibær **09.24** Strumparnir **09.49** Hvellur keppnisbíll **10.00** Lukku láki **10.24** Ofurhundurinn Krypto **10.46** Hello Kitty **11.00** Könnuðurinn Dóra **11.24** Svampur Sveinsson **11.46** Elías **11.58** Áfram Diego, áfram! **12.22** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.44** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Rasmus Klumpur og félagar **13.00** Latibær **13.24** Strumparnir **13.49** Hvellur keppnisbíll **14.00** Lukku láki **14.24** Ofurhundurinn Krypto **14.46** Hello Kitty **15.00** Könnuðurinn Dóra **15.46** Elías **15.58** Áfram Diego, áfram! **16.22** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.44** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Rasmus Klumpur og félagar **17.00** Latibær **17.24** Strumparnir **17.49** Hvellur keppnisbíll **18.00** Lukku láki **18.24** Ofurhundurinn Krypto **18.46** Hello Kitty **19.00** Ljóti andarunginn og ég

### GULL

**18.00** Strákarnir
**18.25** Friends *(2:24)*
**18.45** Seinfeld *(7:13)*
**19.10** The Big Bang Theory *(3:23)*
**19.35** Modern Family
**20.00** Borgarilmur *(5:8)*
**20.30** Hannað fyrir Ísland *(2:7)* Glæsilegir þættir þar sem íslenskir hönnuðir fá að spreyta sig og nýta reynslu sína í að hanna bestu útivistarflíkur sem völ er á. Þóra Karitas Árnadóttir er stjórnandi þáttarins.
**21.15** Nikolaj og Julie *(1:22)*
**22.00** Anna Phil *(1:10)*
**22.55** Borgarilmur
**23.30** Hannað fyrir Ísland
**00.15** Nikolaj og Julie
**01.00** Anna Phil
**01.55** Tónlistarmyndbönd

### BÍÓ

**10.50** The Prince and Me 4
**12.20** Notting Hill
**14.20** Wall Street
**16.25** The Prince and Me 4
**17.55** Notting Hill
**19.55** Wall Street
**22.00** The Pelican Brief
**00.20** Ninja
**01.45** Mercury Rising
**03.35** The Pelican Brief

### RÚV

**16.30** Ástareldur *(Sturm der Liebe)*
**17.20** Teitur
**17.30** Froskur og vinir hans
**17.37** Teiknum dýrin
**17.42** Skrípin
**17.46** Bombubyrgið
**18.15** Táknmálsfréttir
**18.25** Völundur - nýsköpun í iðnaði *(4:5) (Velliðan er málið)* Forvitnilegir og fjölbreyttir fræðsluþættir um nýsköpun og þróunarstarf í íslenskum iðnaði.
**19.00** Fréttir
**19.30** Veðurfréttir
**19.35** Kastljós
**20.10** MS: Taugasjúkdómur unga fólksins MS er langvinnur taugasjúkdómur í heila og mænu sem kemur einkum fram í ungu fólki á aldrinum 20 til 40 ára. Hér á landi greinast 15-20 einstaklingar með sjúkdóminn á hverju ári og hann er helmingi algengari hjá konum en körlum.
**20.40** Golfið Golfþættir fyrir alla fjölskylduna.
**21.15** Castle *(24:24) (Castle)* Bandarísk þáttaröð.
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Fallið *(1:5) (The Fall)* Spennuþáttaröð um raðmorðingja sem er á kreiki í Belfast og nágrenni og vaska konu úr lögreglunni í London sem er fengin til að klófesta hann.
**23.20** Vörður laganna *(6:10) (Copper)*
**00.05** Kastljós
**00.35** Fréttir
**00.45** Dagskrárlok

### SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**07.35** Everybody Loves Raymond
**08.00** Cheers *(4.26)*
**08.25** Dr. Phil
**09.05** Pepsi MAX tónlist
**16.30** Once Upon a Time *(18.22)*
**17.35** Dr. Phil
**18.15** Family Guy *(21.22)*
**18.40** America's Funniest Home Videos *(6:44)*
**19.05** Everybody Loves Raymond *(21:23)*
**19.30** Cheers *(5:26)*
**19.55** America's Next Top Model *(2:13)*
**20.40** Design Star *(2:13)*
**21.30** Málið *(2:12)*
**22.00** Hannibal - NÝTT *(1:13)* Allir þekkja Hannibal Lecter úr ódauðlegum bókum og kvikmyndum á borð við Red Dragon og The Silence of the Lambs.
**22.45** Sönn íslensk sakamál *(5:8)*
**23.15** Hawaii Five-0 *(6:23)*
**00.05** CSI: New York *(2:17)*
**00.55** Hannibal
**01.40** Design Star
**02.30** Excused
**02.55** Pepsi MAX tónlist

### SKJÁRGOLF

**06.00** Eurosport **09.00** BMW Championship **2013** **12**.00 Golfing World **12.50** BMW Championship **2013** **15.20** BMW Championship **2013** **18.00** Golfing World **18.50** PGA Tour - Highlights **19.45** Ryder Cup Official Film **1997** **22**.00 Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights **23.45** LPGA Highlights **01.05** Eurosport

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

Verslun
Ármúla 26

522 3000

hataekni.is

Opið:
virka daga
9.30–18
laugardaga
12–17

# ÚTSALA

## SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR!



Útsöluverð: **259.995**
Verð áður: 319.995

42LM860W

### 42" LG
LED, Cinema 3D, SmartTV, FullHD, 4xHDMI,
S2 gervihnattamóttakari, T2 móttakari, Dual Core örgjörvi,
Magic Wand fjarstýring, innb. WiFi, USB, rammalaust.



Útsöluverð: **169.995**
Verð áður: 199.995

47LN540V

### 47" LG
Direct LED, FullHD, 100HZ MCI, USB,
S2 gervihnattamóttakari, T2 móttakari,
2xHDMI, IPS.

## B vörur
Úrval sýningartækja á lækkuðu verði, símar, tölvur og sjónvörp



### DELL Inspiron fartölva
15,6" skjár, Windows8,
3 ára ábyrgð, Intel
Celeron 1007U, 4 Gb
vinnsluminni, 500 Gb
harður diskur.

Útsöluverð: **79.995**
Verð áður: 89.995

INSPIRON3521#04



Útsöluverð: **179.995**
Verð áður: 279.995

42LA641V

### 42" LG
EdgeLED, Cinema 3D, SmartTV, 3xHDMI, FullHD,
200Hz, NFC, USB, Dual Core örgjörvi, 1,25 Gb
vinnsluminni, T2 móttakari og gervihnattamóttakari.



Yas 101

Útsöluverð: **39.995**
Verð áður: 59.995

### Yamaha Soundbar
Optical, Digital Coax,
innbyggður bassa-
hátalari, Air Surround
Xtreme, glæsileg
hönnun, fæst í
píanósvörtu.



Útsöluverð: **49.995**
Verð áður: 62.995

### Nokia Lumia 720
WP8, 6.7MP Carl Zeiss myndavél,
4,3" skjár, Nokia HERE Maps
8 Gb + minniskortarauf.
Svartur, rauður, gulur.



Útsöluverð: **34.995**
Verð áður: 44.995

### Nokia Lumia 620
WP8, 5MP myndavél, 3,8"
ClearBlack skjár, 3G WIFI,
skiptanlegar skeljar, HERE
Maps, 3 litir.

ÚTSALA

**Heyrnartól á 25% afslætti** | **Yamaha á 20% afslætti** | **10% afsláttur af nýjum símum**

Hátækni

PIPAR\TBWA • SÍA • 132631 (1709)

A0001O496, A0001O499, A0001O497

## MORGUNMATURINN



**„Ég fæ mér gjarnan chia-graut með sojamjólk og smá kanil. Einnig eitt hrökkbrauð og vatn að drekka.“**

Helga Braga Jónsdóttir leikkona

# Fegursta stúlka landsins elskar Harry Potter

Tanja Ýr var kjörin fegursta stúlka Íslands í keppninni Ungfrú Ísland um helgina en hún er mikill dýravinur.

„Það var bara hringt í mig og mér boðið að taka þátt. Mér þótti þetta spennandi tækifæri og vissi að ég myndi læra margt af þessu,“ segir Tanja Ýr Ástþórsdóttir, nýkrýnd ungfrú Ísland. Þessi 21 árs gamla Reykjavíkurmær er nemi í fjármálaverkfræði við Háskólann í Reykjavík en hún er mikill stærðfræðingur. „Auðvitað hefur þessi sigur áhrif á líf mitt en það er undir mér komið að nýta þetta tækifæri,“ bætir Tanja Ýr við.

Fegurðardísin spáir lítið í tónlist og segist horfa lítið á sjónvarp þrátt fyrir að hafa mikið dálæti á ákveðnum galdrastrák. „Ég elska Harry Potter og Monsters Inc. og svo hlusta ég mest á tónlist sem er vinsæl hverju sinni.“

Tanja Ýr er mikil íþróttamanneskja og æfir loftfimleika af kappi, en einnig hefur hún mikinn áhuga á brimbrettum. „Ég hef farið á brimbretti í Þorlákshöfn og á Tenerife og þykir þetta mjög skemmtilegt sport.“

Þá ekur Tanja Ýr um á Toyota Yaris og elskar mexíkóskan mat.

„Ég á tvær systur og einn chihuahua-hund,“ segir Tanja Ýr en systurnar studdu vel við bakið á Tönju Ýr í kringum keppnina.

Aðspurð um framhaldið segist Tanja Ýr vera mjög spennt og hlakka mikið til þess að fara fyrir hönd Íslendinga í keppnina Miss World á næsta ári.

- glp



**FEGURST ALLRA** Tanja Ýr Ástþórsdóttir var krýnd fegurðardrottning Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






**FJALLGÖNGUR** Mikið af fólki hefur áhuga á fjallgöngum og hafa veitt Þorsteini Jakobssyni stuðning á göngunum.

# Fjalla-Steini gengur á öll fjöll og skrifar bók

Fjallagarpurinn Þorsteinn Jakobsson gengur á öll fjöll landsins og skrifar bókina Íslensk bæjarfjöll. Ágóðinn rennur til krabbameinssjúkra.

„Ég byrjaði að ganga fyrir Ljósið, sem er endurhæfingarstöð fyrir krabbameinssjúka, en svo breytti ég til. Nú er ég að vinna að bók um fjöllin og göngurnar og mun gefa höfundarlaun mín til krabbameinssjúkra barna,“ segir Þorsteinn Jakobsson, göngugarpur og höfundur bókarinnar Íslensk bæjarfjöll sem kemur út næsta sumar. „Markmiðið er að ganga hvert einasta bæjarfjall og sýslu á landinu til að tengja landið saman.“

Bókin verður byggð upp á leiðarvísum um landið en Þorsteinn segist ekki vilja eigna sér heiðurinn að bókinni þar sem hann fær aðstoð ýmissa aðila. Tveir jarðfræðingar skrifa meðal annars í bókina og í kringum tíu ljósmyndarar alls staðar af landinu myndskreyta.

Þorsteinn er lærður leiðsögumaður og meðlimur gönguhópsins Fjallagarpar og gyðjur en hópurinn telur um þrjú þúsund manns. Hann segir að fleiri tugir fólks hafi lagt honum lið í göngunum undanfarin ár. „Mér líður hvergi eins vel og úti í náttúrunni og svo langaði mig bara að láta gott af mér leiða og minna fólk á að vera jákvætt. Ég gef allt sem ég safna en ég lét einnig búa til eitt þúsund söfnunarbauka sem dreift er víðs vegar um landið í göngunum. Ég á núna aðeins eftir að ganga níu fjöll á landinu til að klára bókina.“

Þorsteinn hefur góða þekkingu á hálendinu en hann er lærður leiðsögumaður. Hann segir að í framhaldi af þessu verkefni muni hann uppfylla gamlan draum og ganga á Kilimanjaro, hæsta fjall Afríku. Hann stefnir á að ganga á hæstu fjöll allra heimsálfanna.

marinmanda@frettabladid.is



**Á TOPPNUM** Fjalla-steini ásamt Jóhanni Smára ljósmyndara.

### → Hæstu fjöll Íslands

Hæsta fjall Íslands er **Hvannadalshnjúkur** sem er **2.110** metrar. Næst á eftir eru það **Bárðarbunga** sem er **2.000** metrar, **Kverkfjöll** sem eru **1.920** metrar og **Snæfell** sem er **1.833** metrar.

# Setur upp leikverk án leikara

„Það gerist ekki neitt í þessu verki,“ segir Ragnar Kjartansson myndlistarmaður.

Listamaðurinn Ragnar Kjartansson setur upp verkið Der Klang der Offenbarung des Göttlichen í Volksbühne-leikhúsinu í Berlín ásamt tónlistarmanninum Kjartani Sveinssyni. Verkið verður frumsýnt í febrúar á þessu ári. „Þetta er um það bil sextíu mínútna verk,“ segir Ragnar. „Það gerist ekki neitt í þessu verki,“ heldur hann áfram. „Þetta er meira svona eins og hugleiðing um fegurðina og einveruna. Og kannski um leikhúsið og yfirborðskennd þess,“ útskýrir Ragnar.

Ragnar hefur ásamt samstarfsfólki sínu málað sviðsmyndir sem verða hluti af sýningunni. Þá semur Kjartan Sveinsson tónlist fyrir verkið. „Þetta verður eins konar ópera án orða,“ segir Ragnar.

Verkið er unnið fyrir Volksbühne-leikhúsið í Berlín í samstarfi við Borgarleikhúsið. Verkið verður sett upp í Borgarleikhúsinu í tengslum við Listahátíð í Reykjavík. Volksbühne-leikhúsið í Berlín hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir uppsetningar sínar. Húsið hefur einnig hlotið mikla athygli fjölmiðla og búið sér orðspor sem eitt framsæknasta og flottasta leikhús í Þýskalandi.

- ósk



**STRIGARNIR MYNDA DÝPT Í RÝMINU Á SVIÐINU** Ragnar að störfum á málaraverkstæði Borgarleikhússins. Myndlist verksins er máluð á striga. Stærstu strigarnir eru um 160 fermetrar og byggir hver sena á nokkrum lögum af slíkum strigum. MYND/LILJA GUNNARSDÓTTIR

# ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ

## DOMINO'S

# 1000 KR.

**Miðstærð af pizzu með 3 áleggstegundum að eigin vali. Ef þú sækir.**
Gildir fyrir klassískan, ítalskan og lauflléttan botn.

**VIÐ NOTUM EINGÖNGU 100% ÍSLENSKAN OST!**

KJÖTVEISLA: Skinka, pepperoni og nautahakk



SÍMI 58 12345 DOMINO'S APP WWW.DOMINOS.IS

FÍTON / SÍA

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Orðinn fær í flestan sjó

**Bjarni Benediktsson,** fjármála- og efnahagsmálaráðherra þjóðarinnar, er útskrifaður af skriðsundsnámskeiði sem hann innritaðist á síðsumars. Bjarni, sem var á árum áður snjall fótboltakappi, er ánægður með námskeiðið. Í fésbókarfærslu segist hann komast skammlaust milli bakka og finna framfarir í hvert skipti sem hann fari í sund. „Hef haft mjög gaman af kennslunni. Það opnar nýjan heim að geta synt skriðsund sér til ánægju. Um leið er sundið góð líkamsrækt,“ segir hann enn fremur. Af Bjarna er það annars að frétta að hann vinnur nú hörðum höndum ásamt fleirum að gerð fjárlagafrumvarps næsta árs. Frumvarpið verður lagt fram þegar nýtt þing kemur saman 1. október næstkomandi.



- jme

### Harmonikkubræður með Nýdönsk

Bæst hefur í hóp flytjenda á tvennum tónleikum Nýdanskrar næstkomandi laugardag í Hörpu. Harmonikkubræðurnir Bragi Fannar og Andri Snær Aðalsteinssynir munu leika tónlist **Daníels Ágústs** og félaga upp úr nýútkominni nótnabók sem inniheldur 25 þekktustu lög Nýdanskrar. Auk þeirra stígur John Grant á svið með hljómsveitinni, en uppselt er á fyrri tónleikana kl. 20 og örfá sæti laus á þá síðari, sem hefjast kl. 23. Vitað er um hóp norskra aðdáenda Nýdanskrar sem hyggst fjölmenna á tónleikana, en sveitin spilaði í borginni Drammen í ársbyrjun við góðar undirtektir.



-bfb

## Mest lesið vísir

1. Margrét Edda Gnarr heimsmeistari
2. Brjálað hjá björgunarsveitunum
3. Níu Albana leitað hér á landi
4. Hinsegin kórinn ekki með á styrktartónleikum „Þú getur“
5. Veðrið færist í aukana
6. Fegurðardrottning í loftfimleikum
7. Pálmi Guðmundsson nýr yfirmaður ljósvakasviðs Skjás Eins




